

September 2020



Mat á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla

Niðurstöður kannana
og aðgerðir til úrbóta



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sölvhólsgrötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Netfang: mrn@mrn.is

Veffang: www.mrn.is

Mynd á forsíðu: Gollí

Umbrot: Einar Guðmundsson

© 2020 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Inngangur	6
Tillögur	8
1. Niðurstöður rýnihópaviðtala	11
1.2 Ágrip	11
1.3 Aðferðafræði	12
1.4 Niðurstöður	17
1.5 Yfirlit	30
2. Niðurstöður könnunar meðal grunnskóla	33
2.1 Ágrip	33
2.2 Aðferðafræði	33
2.3 Helstu niðurstöður	34
2.4 Samantekt	41
3. Viðaukar	42
Viðtalsrammar, trúnaðaryfirlýsingar og bréf vegna rýnihópaviðtala	
Heildarniðurstöður netkönnunar Gallup	

Samantekt

Í tengslum við endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla lét mennta- og menningarmálaráðuneyti gera könnun meðal allra grunnskóla landsins vorið 2019 þar sem spurt var um innleiðingu núverandi aðalnámskrár og hvernig hún nýtist í hverjum skóla fyrir sig. Þá fóru einnig fram rýnivíðtöl við nemendur, kennara, foreldra og skólustjórnendur og vettvangsheimsóknir til þess að fá gleggri mynd af stöðunni. Könnun þessi er hluti af lögboðnu eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins skv. 4. og 38 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahlald.

Viðmælendur í rýnihópaviðtölum voru 113; nemendur, kennarar, foreldrar og skólustjórnendur. Skólustjórnendur 122 grunnskóla svöruðu rafrænni spurningakönnun um efnið sem er 74% svarhlutfall.

Meðal helstu niðurstaðna könnunar og viðtala er að:

- Enn ríkir **umtalsverð óvissa** um helstu þætti núgildandi aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 þrátt fyrir að talsverður tími hafi gefist til innleiðingar hennar. Vísbendingar eru um að það hafi skapað ákveðið óöryggi hjá skólustjórnendum, kennurum, nemendum og foreldrum og að stuðning hafi skort frá menntamála-yfirvöldum.
- Skólustjórnendur meta almennt að innleiðing grunnþátta og lykilhæfni aðalnámskrár hafi gengið vel en telja **þörf fyrir frekari stuðning við innleiðingu** og þá helst í formi leiðsagnar. Kallað er eftir meira samtali, utanaðkomandi ráðgjöf, mati og eftirfylgni.
- Viðmælendur voru **jákvæðir í garð hugmyndafræði** aðalnámskrárinnar og fram kom almenn ánægja með áherslu á hæfnimiðað nám. Ekki er kallað eftir umfangsmiklum breytingum á inntaki aðalnámsskrárinnar heldur einfaldari og skýrari útfærslu.
- **Einfalda þarf hæfni- og matsviðmið** til muna og fækka þeim. Skilningur á matsviðmiðum er takmarkaður og áhyggjur eru af ósamræmi milli skóla og námsgreina innan sama skóla.

Til að mæta þeim ábendingum sem finna má í niðurstöðum könnunarinnar hyggst mennta- og menningarmálaráðuneyti hrinda í framkvæmd aðgerðum í fimm eftirfarandi liðum til úrbóta sem unnar verða áfram í góðu samráði við hagsmunaaðila:

Aðgerðir til úrbóta

1. Samræmdur stuðningur við skólastjórnendur og kennara. Skipað verður teymi sérfræðinga sem aðstoða skóla til að vinna með hæfni- og matsviðmið næstu tvö ár.
2. Endurskoðun greinasviða og hæfni- og matsviðmiða þeirra. Greinasvið aðalnámskrár verða endurskoðuð samhliða endurbótum á vefnum namskra.is og ferli innleiðingar breytinga á aðalnámskrá verður bætt.
3. Námsgögn sem styðja aðalnámskrá og frekari innleiðingu. Framboð á námsgögnum sem tekur mið af hæfnimiðaðri aðalnámskrá verður aukið sem og fræðsla um notkun þess í kennslu.
4. Inntak samræmdra könnunarprófa verður endurskoðað.
5. Áherslur í kennaranámi og starfsþróun taki mið af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.

Inngangur

Könnun um innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla var gerð á vormánuðum 2019, annars vegar með rýnihópaviðtölum við nemendur, foreldra, kennara og skólastjórnendur í átta skólum víðs vegar um landið og hins vegar með spurningakönnun sem send var til allra skólastjórnenda í grunnskólum.

Meginmarkmið könnunarinnar var að kanna hvernig skólum hefur gengið að innleiða aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, hvað hefur gengið vel að innleiða og hvað illa. Einnig var markmið að fá upplýsingar um hvað ráðuneytið getur gert betur til að aðstoða skóla við innleiðingu aðalnámskrár. Könnunin er liður í endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og öflun upplýsinga um hvernig ráðuneytið geti stutt á áhrifaríkari hátt við innleiðingu aðalnámskráa.

Gildandi aðalnámskrá grunnskóla var gefin út í tvennu lagi, almennur hluti hennar árið 2011 og greinasvið árið 2013, og tók hún þegar gildi. Námskráin er töluvert frábrugðin þeirri námskrá sem hún leysti af hólmi og má þar helst nefna grunnþætti, lykilhæfni, hæfniviðmið og breytt námsmat.

Könnunin var tvíþætt, annars vegar var Gallup falið að senda út netkönnun með 107 spurningum til allra skólastjórnenda grunnskóla og hins vegar var samningur gerður við Hauk Bragason fyrrverandi grunnskólakennara og Lindu Heiðarsdóttur grunnskólakennara um að annast vettvangsheimsóknir í átta grunnskóla víðs vegar um landið og taka rýnihópaviðtöl við kennara, nemendur, foreldra og skólastjórnendur. Var það gert í þeim tilgangi að kafa dýpra í ákveðin viðfangsefni könnunarinnar. Spurningakönnunin var send út í mars 2019 og farið var í vettvangsheimsóknirnar í apríl 2019.



Aðgerðir

Fyrir liggur að innleiðing núgildandi aðalnámskrár tókst ekki sem skyldi. Skólastjórar og kennarar kalla eftir skýrari leiðsögn, sérstaklega hvað varðar námsmat. Kallað er eftir útskýringum og dæmum um hvernig vinna á með hæfni- og matsviðmið. Því er nauðsynlegt að bregðast markvisst við en einnig setja framtíðarsýn fyrir komandi breytingar á aðalnámskrá. Með það að markmiði eru settar fram fimm megináðgerðir:

1. Sérfræðingateymi sem aðstoðar skóla að vinna með hæfni- og matsviðmið

Styrkja þarf skólastjórnendur í hlutverki sínu sem faglegir leiðtogar við innleiðingu og vinnu samkvæmt aðalnámskrá. Áhersla verði lögð á að allir skólar hafi aðgang að dæmum um hvernig unnið er með hæfni- og matsviðmið á öllum skólastigum grunnskólans og kennarar fái stuðning og ráðgjöf um hvernig haga skuli námsmati með hliðsjón af því, þar sem markmiðið er skýr og skjót endurgjöf til bæði þeirra og nemenda. Tryggja þarf jafnan aðgang að sérfræðingum alls staðar á landinu.

Aðgerð: Skipað verði sérfræðingateymi fimm kennara og teymisstjóra til tveggja ára sem aðstoðar skólastjórnendur og kennara við að klára innleiðingu á hæfni- miðuðu námi skv. aðalnámskrá. Auka þarf skilning á námsmati og teymið vinnur því verkefni og myndbönd með dæmum um vinnu með hæfni- og matsviðmið og einnig kynningu fyrir nemendum og foreldra. Teyminu er einnig ætlað að fara í þá skóla sem óska eftir aðstoð við innleiðingu.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við sveitarfélög, skólastjórnendur og sérfræðingateymi.

Fjármögnun: Mennta- og menningarmálaráðuneyti ræður teymisstjóra og fimm starfsmenn sem vinna náðið með sveitarfélögum og skólastjórnendum. Kostnaður við þessa aðgerð er metinn á 50 m.kr.

Tímarammi: 2021-2022.

Afurð: Myndbönd og verkefni með dæmum um útfærða vinnu með hæfni- og matsviðmið og öflug aðstoð við innleiðingu aðalnámskrár.

2. Endurskoðun greinasviða í áföngum, þ.m.t. hæfni- og matsviðmið

Áhersla verði lögð á að endurskoða öll greinasvið aðalnámskrár grunnskóla þar sem tekið verður mið af ábendingum um skýrari viðmið í endurskoðuðum aðalnámskrám Norðmanna og Svía.

Aðgerð 1: Menntamálastofnun verði falið að greina hvernig Norðmenn og Svíar standa að vinnu við sín greinasvið í nýjum aðalnámskrám.

Aðgerð 2: Menntamálastofnun verði farið að endurskoða greinasviðin í þremur áföngum þar sem byrjað verði á náttúrufræði. Horfa þarf á endurskoðun með heildstæðum hætti út frá hæfniviðmiðum, þekkingarmarkmiðum, matsviðmiðum, ramma Evrópuráðsins um lýðræðishæfni, greina innan náttúrufræða o.fl. sem t.d. Norðmenn og Svíar hafa haft til hliðsjónar í endurskoðun sinna aðalnámskráa. Í öðrum áfanga yrði sams konar endurskoðun á samfélagsfræði, list- og verkgreinum og skólaíþróttum og í þriðja áfanga íslensku, stærðfræði, erlendum tungumálum og upplýsinga- og tæknimennt. Menntamálastofnun verði falið að endurvekja vefinn namskra.is svo hann megí nýtast kennurum á hagnýtan hátt, svo og foreldrum og nemendum.

Aðgerð 3: Menntamálastofnun verði falið að vinna tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytis að verkferli til markvissrar innleiðingar á breytingum sem gerðar verða á aðalnámskrá í samvinnu við sveitarfélög, skólastjórnendur, kennara og annað starfsfólk skóla og þarfir þess.

Aðgerð 4: Innleiðing á breytingum á aðalnámskrá grunnskóla.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við Menntamálastofnun.

Fjármögnun: Gert verði ráð fyrir alls 60 m.kr. vegna greiningar og heildarendurskoðunar greinasviða og innleiðingar.

Tímarammi: 2021-2022

Afurð: Ítarleg greining á nýjum aðalnámskrám Norðmanna og Svía, endurskoðuð greinasvið aðalnámskrár grunnskóla, vefurinn namskra.is endurbættur og nýtt verkferli við innleiðingu breytinga á aðalnámskrá.

3. Námsgögn í takt við aðalnámskrá og innleiðing á þeim

Mikilvægt er að námsgögn, þ.m.t. kennsluleiðbeiningar, verði í samræmi við aðalnámskrá og að kennurum standi til boða aðstoð við innleiðingu nýs námsefnis.

Aðgerð: Menntamálastofnun þróa í auknum mæli, í samvinnu við fagráð á viðkomandi greinasviði, ný námsgögn sem taka mið af hæfnimiðaðri aðalnámskrá og skipuleggi og veiti markvissa fræðslu til skóla um notkun þeirra.

Ábyrgðaraðilar: Menntamálastofnun.

Fjármögnun: Gert verði ráð fyrir eflingu námsgagnaútgáfu og fræðslu til skóla í kostnaðaráætlun vegna verkefna Menntamálastofnunar.

Tímarammi: 2021–2023.

Afurð: Námsgögn sem endurspeglar áherslur aðalnámskrár og skilgreint og skýrt hlutverk við innleiðingu útgefna námsgagna.

4. Samræmd könnunarpróf endurskoðuð m.t.t. hæfniviðmiða aðalnámskrár

Mikilvægt er að samræmd könnunarpróf kanni þá hæfni sem aðalnámskrá kveður á um að nemendur eigi að fá tækifæri til að ná í grunnskóla. Þau þurfa að vera fjölbreytt og fela í sér fleiri tegundir prófatriða en nú er.

Aðgerð: Menntamálastofnun endurskoði innihald samræmdra könnunarprófa m.t.t. hæfniviðmiða náms sem gildandi aðalnámskrá kveður á um hverju sinni. Mat samræmdra könnunarprófa á hæfni nemenda myndi auka skilning allra á núgildandi námsmati.

Ábyrgðaraðilar: Menntamálastofnun.

Fjármögnun: Gert verði ráð fyrir að kostnaður við verkefnið rúmist innan fjárheimilda Menntamálastofnunar.

Tímarammi: Viðvarandi verkefni.

Afurð: Samræmd könnunarpróf sem endurspeglar áherslur aðalnámskrár hverju sinni.

5. Innihald kennaranáms skoðað út frá áherslum aðalnámskrár á hæfniviðmið og starfsþróun tryggð við breytingar á aðalnámskrá

Tryggja þarf menntun og starfsþróun skólastjórnenda og kennara á sviði námsmats og innleiðingar aðalnámskrár og breytinga á henni til að festa breytingarnar í sessi.

Aðgerð: Kennaramenntunarstofnanir endurskoði inntak kennaranáms og starfsþróunarnámskeiða út frá áherslum gildandi aðalnámskrár á hæfniviðmið nám og námsmat þess. Ávallt verði gert ráð fyrir starfsþróun kennara við innleiðingu breytinga á aðalnámskrá til að tryggja framgang breytinga.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kennararáð og háskólar.

Fjármögnun: Háskólar.

Tímarammi: Viðvarandi verkefni.

Afurð: Endurskoðað inntak kennaramenntunar, lögfesting hlutverks kennaramenntunarstofnana í starfsþróun kennara og skólastjórnenda og vel innleiddar stefnur.

1. Niðurstöður rýnihópaviðtala

Hér er greint frá eigindlegri rannsókn á innleiðingu og eftirfylgni við aðalnámskrá grunnskóla hverrar almennur hluti tók gildi árið 2011 og greinasvið árið 2013. Tekin voru rýnihópaviðtöl við skólastjórndendur, kennara, nemendur og foreldra í átta grunnskólum víðs vegar um landið í mars og apríl 2019, alls 32 viðtöl við samtals 113 viðmælendur, en rýnihópaviðtölin voru liður í könnun á því hvernig til hefur tekist að innleiða aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 í grunnskólum landsins. Rannsaka átti hvernig skólastjórndendum, kennurum, nemendum og foreldrum þykir innleiðingin og eftirfylgnin af hálfu menntamálayfirvalda hafa tekist og hvernig stuðningi við innleiðingu námskrárinnar var háttað. Tilgangurinn var að draga upp mynd af innleiðingunni og eftirfylgni menntamálayfirvalda, því sem gekk vel að mati skólastjórnda, kennara, nemenda og foreldra og því sem betur hefði mátt fara.¹

1.2 ÁGRIP

Núgildandi aðalnámskrá grunnskóla er frá 2011 og 2013 og mætti því ætla að talsverður tími hafi gefist til innleiðingar á henni og eftirfylgni af hálfu menntamálayfirvalda. Þrátt fyrir það virðist talsverð óvissa enn ríkja um helstu þætti aðalnámskrárinnar. Markmiðið með rannsókninni sem sagt er frá í skýrslu þessari var að varpa ljósi á stöðuna með rýnihópaviðtölum. Tekin voru hálfopin viðtöl við foreldra, kennara, nemendur og skólastjórndendur í átta skólum víðs vegar um landið, alls 113 viðmælendur. Leitast var við að afla upplýsinga um upplifun viðmælenda á aðalnámskránni, innleiðingu hennar og eftirfylgni menntamálayfirvalda, hvernig gengið hafi að vinna með helstu þætti námskrárinnar og hvort helstu markmið hennar hafi náðst í grunnskólum landsins.

Hugmyndafræði aðalnámskrárinnar hlaut lof viðmælenda í öllum rýnihópum og kunna þeir vel að meta hæfmiðað nám. Viðmælendur í rannsókninni kalla því ekki eftir stórum breytingum á inntaki aðalnámskrár heldur því að þær stóru breytingar sem kynntar voru til leiks í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 fái að ryðja sér til rúms með einfaldari og skýrari útfærslu sem unnin verði í samráði við kennara og skólastjórndendur og að innleiðing hennar verði leidd af menntamálayfirvöldum. Niðurstöður leiddu nefnilega í ljós að mikil óvissa og óöryggi hefur ríkt árum saman hjá kennurum og skólastjórndendum, foreldrum og nemendum. Öllum þessum hópum þykja helstu þættir aðalnámskrárinnar illskiljanlegir, of háfleygir og of undirornir túlkun hvers og eins. Í ljós kom að skólastjórndendur og kennarar töldu innleiðingu námskrárinnar hafa farið fram alfarið á þeirra vegum og án aðkomu menntamálayfirvalda því þaðan hafi hvorki stuðningur né skýr svör borist. Einnig þótti skólastjórndendum og kennurum aðalnámskráin hafa verið of stór biti í einu og að skipta hefði þurft innleiðingunni niður í áfanga í stað þess að gera svo miklar breytingar á öllu grunnskólakerfinu á sama tíma. Sömuleiðis þurfi að einfalda hæfni- og matsviðmið til muna og fækka þeim. Mikil ósamræmi er í því hvernig aðalatriði námskrárinnar, til að mynda hæfniviðmið, matsviðmið og námsmatskerfi, eru notuð í grunnskólum landsins og ljóst að helstu markmið aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 hafa ekki náðst.

¹ Aðalrannsakandi og ábyrgðarmaður var Haukur Bragason sem einnig sá um skrif þessa hluta skýrslunnar.

Aðalrannsakandi og ábyrgðarmaður var Haukur Bragason sem einnig sá um skrif þessa hluta skýrslunnar. Aðstoðarrannsakandi var Linda Heiðarsdóttir. Í sameiningu eru þau víða kölluð rannsakendur í skýrslunni. Um afritun sá Dagbjört Guðmundsdóttir, doktorsnemi í íslenskri málfræði. Linda hefur langa reynslu af kennslu og stjórnun og vann bæði sem kennari og skólastjórni í grunnskóla meðan á innleiðingu aðalnámskrárinnar stóð. Haukur hefur sömuleiðis langa kennslureynslu og starfaði sem grunnskólakennari þegar innleiðingin átti sér stað en starfar nú við textagerð.

1.3 AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessum hluta skýrslunnar er greint frá aðferðafræði rannsóknarinnar. Fyrst er viðtalsrömmunum lýst en þeir voru lesnir yfir af sérfræðingum í aðferðafræði. Næst er sagt frá valinu á þeim skólum sem tóku þátt í verkefninu, þar var um að ræða lagskipt handahófskennt úrtak. Loks er sagt frá framkvæmd viðtalanna, kynningu á verkefninu fyrir þátttakendum og úrvinnslu.

1.3.1 Viðtalsrammar

Rannsóknaraðferðin sem notast var við voru hálfopin viðtöl við rýnihópa og þeim til grundvallar voru hafðir viðtalsrammar, einn fyrir foreldra, einn fyrir kennara, einn fyrir nemendur og einn fyrir skólastjórni. Viðtalsrammarnir voru samdir af aðalrannsakanda með aðstoð frá aðstoðarrannsakanda. Þá er að finna sem fylgiskjöl í viðauka skýrslunnar (viðtalsrammi foreldra er á bls. 29, viðtalsrammi kennara á bls. 30, viðtalsrammi nemenda á bls. 31 og viðtalsrammi skólastjórni á bls. 32). Viðtalsrammarnir innihalda fyrirframákveðnar opnunarspurningar og spurningar til eftirfylgni, hvorar tveggja flokkaðar eftir efnistöku. Ef fullnægjandi svör við spurningunum sem notaðar voru til eftirfylgni komu upp í máli viðmælenda varðandi opnunarspurningarnar í viðkomandi efnisþætti spurðu rannsakendur ekki þeirra eftirfylgnispurninga. Ef skýr svör komu hins vegar ekki fram við þeim í máli viðmælenda varðandi opnunarspurningarnar voru umræddar spurningar notaðar til eftirfylgni til að ná fram svörum um þá þætti sem þær fjölluðu um.

Eðli málsins samkvæmt voru ekki sömu spurningar lagðar fyrir allar gerðir rýnihópa. Nemendur fengu til að mynda spurningar sem lutu að upplýsingagjöf og skilningi á námskránni og ákveðnum þáttum hennar en kennarar fengu aftur á móti spurningar um hvernig námsmat með matsviðmiðin að leiðarljósi hafi gengið og svo framvegis. Nokkur skörun er milli viðtalsramma nemenda og foreldra sem og skólastjórni og kennara enda er í öðru tilfallinu um að ræða starfsmenn skólanna sem vinna í sameiningu að innleiðingu og notkun námskrárinnar og í hinu tilfallinu þjónustuþegana.

Viðtalsrammi rýnihóps foreldra

Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aðalnámskráin hafa áhrif á nám og kennslu, hvers ætlast væri til af nemendum svo þeir nái viðmiðum námskrár og hvaðan foreldrar hafi fengið þessa vitneskju, hvort farið hafi fram fræðsla um þessi atriði eða hvort erfitt hafi verið að nálgast upplýsingar. Var þannig kannað hvort foreldrar hefðu grundvallarskilning á hlutverki aðalnámskrár, hvort þeir gerðu sér grein fyrir því hvað börn þeirra þyrftu að gera til að uppfylla þær kröfur sem gerðar væru til þeirra og hvort farið hefði fram kynning á þessum atriðum eða upplýsingar á annan hátt gerðar

aðgengilegar foreldrum. Þeir voru einnig spurðir um helstu hugtök úr námskránni, til að mynda hvað hæfniviðmið væru og hvort þeir könnuðust við að unnið hefði verið með grunnþætti menntunar og þá hvernig og voru þar sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi notuð sem dæmi um grunnþætti. Spurt var út í verkefni nemenda, hvort foreldrar og nemendur gerðu sér grein fyrir því hvaða hæfniviðmiðum verkefni tengdust hverju sinni og hvort nemendur fengju leiðsögn kennara varðandi verkefni sín eða upplýsingar um hvaða hæfniviðmið þyrfti að bæta og hvernig hægt væri að gera það. Foreldrar voru svo spurðir út í þá matskvarða sem nemendur eru metnir eftir við lok grunnskóla og fyrir hvað það mat á hæfni nemenda stæði. Var það gert til að reyna að leiða í ljós skilning foreldra á breyttu fyrirkomulagi og afstöðu þeirra til þess.

Viðtalsrammi rýnihóps kennara

Kennarar voru spurðir að því hvernig þeim fyndist innleiðing og eftirfylgni við aðalnámskrána hafa tekist almennt af hálfu menntamálayfirvalda og á aðgreindan hátt hvernig þeim fannst innleiðing og eftirfylgni hafa tekist til við grunnþætti menntunar, lykilhæfni, hæfniviðmið greinanámskráa og matsviðmið. Á svipuðum nótum voru kennarar spurðir hvort þeir hafi haft aðgang að einhverjum innan skóla eða utan sem þeir gátu leitað til ef þeir þyrftu aðstoð með eitthvað tengt námskránni. Spurt var út í áframhaldandi vinnu, til að mynda hvort og þá hvernig unnið hafi verið með grunnþætti námskrárinnar og hvort og þá hvernig gengið hafi að útbúa matsviðmið fyrir aðra árganga en 4., 7. og 10. bekk. Væntanleg eru matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk og matsviðmið fyrir 10. bekk hafa legið fyrir síðan árið 2013 en samkvæmt aðalnámskrá er ráð gert fyrir því að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga á öllum greinasviðum (bls. 91, 119, 137, 164, 178, 192, 205, 220 og 230).² Kennarar voru spurðir að því hvernig þeir hafi tengt hæfniviðmið við verkefni nemenda, hvernig gengið hafi að búa til hæfnimiðuð verkefni og hvernig hæfniviðmið tengist matsviðmiðum. Sömuleiðis hvernig gengið hafi að skipuleggja kennslu með það í huga að hún reyni á öll matsviðmiðin og hvernig hafi gengið að komast að lokaeinkunn við lok grunnskóla með matsviðmiðin að leiðarljósi. Með þessum spurningum var kannað í hvaða mæli kennarar hefðu tamið sér vinnubrögð námskrárinnar, hvernig sú vinna hafi gengið og hver afstaða kennara til þessara breyttu vinnuhátta væri. Enn fremur voru kennarar spurðir hvort þeim fyndist skýrt í námskránni til hvers væri ætlast af þeim, hvað væri sérlega gott og hvað mætti helst bæta, auk þess sem þeir voru beðnir um að segja skoðun sína á því hvort þeir teldu inntak hennar stuðla að samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu á sameiginlegri menntastefnu en það er eitt helsta hlutverk aðalnámskrár (bls. 11). Að lokum voru kennarar spurðir hvort þeim fyndist tíminn í viðmiðunarstundaskrá hæfilegur til að ná hæfniviðmiðum og hvort framboð námsgagna samræmdist hæfniviðmiðum.

Viðtalsrammi rýnihóps nemenda

Nemendur voru rétt eins og foreldrar spurðir hvernig þeim þætti aðalnámskráin hafa áhrif á nám og kennslu og til hvers væri ætlast af þeim svo þeir næðu viðmiðum námskrár. Þeir voru spurðir hvaðan þeir hefðu vitneskju sína um þessi mál, hvort farið hefði fram fræðsla og í hvaða formi. Kannað var hvort grundvallarskilningur á helstu hugtökum námskrár lægi fyrir, til að mynda hvað hæfniviðmið væru og nefnd dæmi um grunnþætti og spurt hvernig unnið hefði verið með þá. Grunnþættirnir sem voru

² Þegar vísað er í aðalnámskrá grunnskóla í skýrslu þessari er um eftirfarandi útgáfu að ræða og látið nægja að nefna eingöngu blaðsíðutal í sviga: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2016). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013 (3. útg. með breytingum).

nefndir sem dæmi voru sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi. Þá voru nemendur beðnir að segja frá því hvort og hvernig þeir fengju upplýsingar um hvaða hæfni verið væri að vinna með í verkefnum þeirra, hvort þeir gerðu sér grein fyrir því hvernig verkefni þeirra tengdust hæfniviðmiðum greinarinnar og hvort þeir fengju aðstoð við að gera þær tengingar. Tengt verkefnum var einnig spurt á hvaða hátt þeim væri skilað til nemenda og hvaða upplýsingar fylgdu þeim og hvort þeir fengju leiðsögn kennara í hæfniviðmiðunum sem metin voru í því verkefni. Að endingu voru nemendur spurðir um matskvarðana sem þeir verða metnir eftir við lok grunnskóla og kannað hvort þeir gerðu sér grein fyrir því hvernig þeir stæðu, hvort þeir vissu hvað þeir þyrftu að gera til að bæta sig og fyrir hvað einkunn þeirra við lok 10. Bekkjar kæmi til með að standa.

Viðtalsrammi rýnihóps skólastjórnenda

Skólastjórnendur voru rétt eins og kennarar spurðir hvernig þeim fannst innleiðing og eftirfylgni við aðalnámskrána hafa tekist til af hálfu menntamálayfirvalda og sér í lagi horft til innleiðingar og eftirfylgni við grunnþætti menntunar, lykilhæfni, hæfni- og matsviðmið. Spurt var hvort skólastjórnendur hefðu haft aðgang að einhverjum á næsta stjórnunarþrepi sem hægt hefði verið að leita til ef þeir þyrftu á aðstoð að halda með innleiðingu námskrárinnar. Þá var spurt hvort farið hefði fram mat á því hvort grunnþættir námskrárinnar hefðu sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild en ætlast er til þess samkvæmt aðalnámskrá (bls. 17). Sömuleiðis er ætlast til að skólar setji matsviðmið fyrir aðra árganga en þá sem matsviðmið liggja fyrir í (bls. 91, 119, 137, 164, 178, 192, 205, 220 og 230) og voru skólastjórnendur spurðir hvernig sú vinna hefði gengið. Þá var spurt hvernig skólinn hefði tengt hæfniviðmið við verkefni kennara, hvernig gengið hefði að útbúa hæfnimiðuð verkefni með vísan í hæfniviðmið og hvernig hæfniviðmið tengdust ákveðnum matsviðmiðum. Einnig var spurt hvernig gengið hefði að skipuleggja kennslu þannig að hún reyndi á öll matsviðmið og hvernig gengið hefði að ákvarða lokaekinn við lok grunnskóla með matsviðmiðin að leiðarljósi. Rétt eins og í tilfelli kennara var þessum spurningum ætlað að kanna í hvaða mæli skólastjórnendur hefðu tamið sér vinnubrögð námskrárinnar, hvernig þáttur skólanna í innleiðingu námskrárinnar hefði gengið fyrir sig og hver afstaða skólastjórnenda til breyttra vinnuhátta væri. Skólastjórnendur voru spurðir hvort þeim fyndist skýrt í námskránni til hvers væri ætlast til af þeim sem skólastjórnendum, hvað væri sérlega gott við námskrána og hvað mætti helst bæta, auk þess sem þeir voru beðnir um að segja skoðun sína á því hvort þeir teldu inntak hennar stuðla að samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu á sameiginlegri menntastefnu en eins og áður kom fram er það eitt helsta hlutverk aðalnámskrár (bls. 11). Að lokum voru skólastjórnendur spurðir að því hvort þeim fyndist tíminn í viðmiðunarstundaskrá hæflegur til að ná hæfniviðmiðum og hvort framboð námsgagna samræmdu hæfniviðmiðum.

Aðalrannsakandi lagði viðtalsrammana fyrir tvo sérfræðinga í aðferðafræði, þær Margræti Valdimarsdóttur og Hrafnhildi Snæfríðar- og Gunnarsdóttur, og bað þær um faglegt álit og athugasemdir. Margræt er verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og kennir meðal annars námskeiðið Aðferðafræði: Rannsóknar- aðferðir félagsvísinda við Háskóla Íslands. Hrafnhildur er einnig verkefnisstjóri hjá

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og kennir námskeiðið Eigindlegar rannsóknar- aðferðir II við Háskóla Íslands. Gerðu þær ekki athugasemdir við viðtalsrámanna og gáfu rannsakendum góð ráð um framkvæmd rýnihópaviðtala. Að sama skapi gerði tengiliður og sérfræðingur mennta- og menningarmálaráðuneytisins ekki athugasemdir við viðtalsrámanna. Hins vegar settu fyrrnefndir sérfræðingar í aðferðafræði síðar út á þá fyrirætlun rannsakenda að ætla að láta afritun viðtalanna fylgja með skýrslunni og var því hætt við það. Reyndust þær breytingar sem gerðar voru við afritun sökum persónuverndar því óþarfar. Afritin verða í vörslu aðalrannsakanda í ár frá útgáfudegi skýrslunnar og verður þá eytt á öruggan máta ásamt öðrum frumgögnum.

1.3.2 Úrtak

Til stóð að velja átta skóla í úrtak rannsóknarinnar. Aðalrannsakandi lagði til lagskipt handahófskennt úrtak með þeim forsendum að einn skóli væri á Suðurlandi, einn á Vesturlandi, einn á Norðurlandi, einn á Aust- eða Vestfjörðum, tveir í Reykjavík og tveir á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, sömuleiðis að þeir tveir skólar sem rannsakendur störfuðu við á tímabilinu 2011–2019 yrðu ekki með í pottinum. Á þetta var fallist og sáu sérfræðingar mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að draga grunnskóla í úrtakið. Var það gert þannig að skólum landsins var raðað eftir landsvæðum og þeim gefin númer. Dregin voru svo handahófskennd númer eftir lagskiptingu úrtaksins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi í framhaldi út tilkynningu um væntanlegar vettvangsheimsóknir í þessa skóla. Skólastjórnendur í einum skólanum sáu sér ekki fært að taka þátt í rannsókninni og var því dregið aftur um skóla á því landsvæði.

1.3.3 Framkvæmd

Aðalrannsakandi hafði samband við skólastjórnendur skólanna átta í kjölfar tilkynningar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, fyrst með tölvupósti sem innihélt helstu upplýsingar (hann má finna sem fylgiskjal í viðauka skýrslunnar á bls. 36) og skömmu síðar símleiðis þar sem farið var nánar yfir málin og heppilegur dagur fundinn fyrir heimsókn rannsakenda. Skólastjórnendum var falið að setja saman rýnihópna eftir þeim tilmælum sem þeim voru send í áðurnefndum tölvupósti. Var þar óskað eftir því að bæði skólastjóri og aðstoðarskólastjóri (í þeim tilfellum sem slíkur var til staðar) tækju þátt í viðtali við skólastjórnendur, að rýnihópur kennara væri sem fjölbreyttastur og endurspeglaði kennarahóp skólans eins og best yrði á kosið, að þátttakendur í rýnihópi foreldra hefðu ekki sérstaka reynslu eða þekkingu á námskránni annars staðar frá en úr foreldrahlutverkinu og síðast en ekki síst að rýnihópur nemenda væri samsettur af nemendum sem gætu auðveldlega talað við og fyrir framan hver annan, að samsetningin endurspeglaði nemendahóp skólans eins og best yrði á kosið og að nemandi í 10. Bekk væri til staðar í hópnum ef því væri við komið til að auka líkurnar á góðri rýni um matsviðmið og matskvarða við lok grunnskóla. Síðustu tilmælin voru ekki send í einn skólanna þar sem í honum er ekki unglíngadeild (tölvupóst til skólastjórnenda þess skóla má finna sem fylgiskjal í viðauka skýrslunnar á bls. 37). Í fyrsta skólanum sem rannsakendur fóru í komu fram hnökra á samsetningu rýnihóps foreldra þar sem eitt foreldri gjörþekkti aðalnámskrána úr starfi sínu og annað foreldri var kennaranemi sem unnið hafði með námskrána í námi

sínu. Var það viðtal því ekki eins ábyggilegt og önnur en rannsakendur höfðu það í huga við úrvinnslu gagna auk þess sem viðmælendur voru ítrekað beðnir um að tala eingöngu út frá foreldrahlutverki sínu. Fyrir allar hinar heimsóknirnar ípraði aðalrannsakandi á tilmælum sem send höfðu verið skólastjórnendum og var eftir það ekki að finna neina aðra hnökra við samsetningu rýnihópa.

Í hverjum rýnihópi áttu helst að vera fjórir þátttakendur en þrír ef því yrði ekki komið við og gekk vel að fylla þann fjölda. Eins og sjá má í töflu 1 hér að neðan voru fjórir kennarar í rýnihópnum í sjö skólum og þrír í einum, samtals 31 kennari. Í sjö skólum sömuleiðis voru fjórir nemendur og þrír í einum, samtals 31 nemandi. Örlítið verr gekk að fá foreldra til að taka þátt en í fimm skólum voru fjórir foreldrar í rýnihópnum og þrír í þremur skólum, samtals 29 foreldrar. Önnur lögmál giltu um skólastjórnendur þar sem skólarnir í úrtakinu voru mjög misstórir og fjöldi stjórnenda við skólana mismikill eftir því. Í tveimur skólum voru stjórnendur fjórir í viðtalinu, í þremur skólum voru þeir þrír, í tveimur tveir og í einum einn, samtals 22 skólastjórnendur. Í heildina voru viðmælendur í rannsókninni því 113.

	Skóli 1	Skóli 2	Skóli 3	Skóli 4	Skóli 5	Skóli 6	Skóli 7	Skóli 8	Samtals
Foreldrar	3	4	4	4	4	3	4	3	29
Nemendur	4	4	4	4	3	4	4	4	31
Kennarar	4	4	4	4	4	4	4	3	31
Skólastjórnendur	3	4	2	2	1	3	4	3	22

Tafla 1. Fjöldi viðmælenda í rýnihópum, eftir skólum.

Þegar viðtalsrammarnir voru tilbúnir bjuggust rannsakendur við því að hvert viðtal við skólastjórnendur myndi taka um klukkustund og hvert viðtal við kennara sömuleiðis en að viðtöl við nemendur og foreldra myndu taka um hálf tíma hvor fyrir sig. Þannig var rannsóknin kynnt skólastjórnendum í áður nefndum tölvupósti og var dagskrá vettvangsheimsóknanna miðuð við þá tímalengd. Þessar áætlanir stóðust mjög vel og reyndust viðtöl við skólastjórnendur og kennara taka um klukkutíma og viðtöl við nemendur og foreldra um hálf tíma. Sum fóru örlítið yfir þennan tíma og önnur voru eilítið styttri en á heildina litið stóðst þessi áætlun prýðilega.

Í viðhengi tölvupóstsins sem sendur var til skólastjórnenda var skjal sem innihélt trúnaðaryfirlýsingu og samþykki fyrir þátttöku barna (það má finna sem fylgiskjal í viðauka skýrslunnar á bls. 34) og voru skólastjórnendur beðnir um að fá foreldra þátttakenda í rýnihóp nemenda til að undirrita það skjal. Blöðin bárust í öllum tilfellum og liggur fyrir skriflegt samþykki fyrir þátttöku allra barna sem tóku þátt í rannsókninni.

1.3.4 Kynning

Viðtölin 32 voru öll í höndum rannsakendanna tveggja. Sömu aðilar tóku því öll viðtölin, voru báðir viðstaddir allan tímann sem viðtöl voru í gangi og gættu samræmis í einu og öllu. Allir rýnihópar fengu sömu kynningu áður en viðtölin hófust. Rannsakendur byrjuðu á því að kynna sig og láta þátttakendur vita að það væru engin rétt eða röng svör heldur væri eingöngu verið að leitast eftir þeirra mati. Þeim var tjáð að um heildargreiningu eftir tegund rýnihópa væri að ræða en ekki samanburð á skólum og að hvorki nöfn skóla né þátttakendanna sjálfra yrðu tengd við svör þeirra. Að síðustu var þeim tilkynnt að viðtalið yrði tekið upp, það síðar afritað af þeirri þriðju í teyminu með tilheyrandi breytingum vegna persónuverndar og að enginn annar en þessi þrjú fengju að hlusta á viðtalið. Þátttakendum var svo rétt skjal með trúnaðaryfirlýsingu og þátttökusamþykki (það má finna sem fylgiskjal í viðauka skýrslunnar bls. 35) til undirritunar og þeim gefinn tími til að lesa það yfir. Þetta var líka gert í tilviki nemenda þó svo að skriflegt samþykki foreldra þeirra lægi þegar fyrir. Allir þátttakendur skrifuðu undir samþykki til þátttöku og enginn hafnaði því að taka þátt. Þátttakendur voru svo að síðustu beðnir um að gefa stutta raddprufu á upptökunni til þess að auðvelda afritara að greina sundur raddirnar á upptökunni og tengja hverja rödd við hvern þátttakanda.

1.3.5 Úrvinnsla

Upptökur fóru að viðtölum loknum í afritun og voru afritin notuð til greiningar sem liggur til grundvallar niðurstöðunum. Að hverri vettvangsheimsókn lokinni unnu rannsakendur frumgreiningu um viðtölin fjögur sem höfðu farið fram þann daginn og hafði aðalrannsakandi þær svo til hliðsjónar við skýrsluskrif. Þegar allri gagnaöflun var lokið skrifaði aðstoðarrannsakandi úttekt um rýnihópaviðtölin í heild sinni til aðalrannsakanda sem sömuleiðis var höfð til hliðsjónar við skýrsluskrif. Aðalrannsakandi vann úr heildarupplýsingum og skrifaði drög að skýrslu sem aðstoðarrannsakandi fékk svo til yfirferðar og lagði fram tillögur til breytinga. Drögum var breytt í samræmi við þær og þau að endingu samþykkt af aðstoðarrannsakanda.

1.4 NIÐURSTÖÐUR

Í þessum hluta skýrslunnar er greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Rýnihóparnir eru sem fyrr teknir fyrir í stafrófsröð. Sem áður sagði var tilgangur rannsóknarinnar ekki að kanna mun á skólum eða flokka þá eftir því hversu langt þeir væru komnir í breyttum vinnubrögðum og því eru rannsóknarniðurstöður ekki greindar niður eftir skólum heldur eftir rýnihópagerðum. Sérstakir undirkaflar eru um það sem vel var gert að mati þátttakenda í hverri gerð rýnihópa og um tillögur þeirra til úrbóta á því sem miður fór.

1.4.1 Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum við foreldra

Foreldrar gerðu sér misvel grein fyrir hlutverki aðalnámskrár en á heildina litið var skilningur á því nokkuð góður. Þeir sem höfðu átt börn í grunnskóla áður eða áttu börn sem voru að nálgast lok grunnskóla, og það var mikill meirihluti viðmælenda, könnuðust langflestir vel við breytingar sem innleiðing námskrárinnar frá 2011 og 2013 hafði í för með sér. Sumir mundu eftir einhvers konar kynningarfundum um breyttar áherslur en alls ekki allir. Talað var um óöryggi og jafnvel greinanlega vanþekkingu í skólunum fyrst um sinn en að staðan væri betri núna.

Almennt séð þótti foreldrum þeir fá litlar upplýsingar um námsstöðu barna sinna, hvar sóknarfæri þeirra lægju og hvernig þau gætu bætt sig. Mörgum þótti erfitt að fylgjast með í námsumsjónarkerfi nemenda, sem annaðhvort var Mentor eða Námfús, og aðrir kvörtuðu undan því að þangað væri ekkert sett inn. Við suma skóla sögðust foreldrar vart fá nokkrar upplýsingar nema í foreldraviðtölum eða þegar þeir kölluðu eftir þeim sjálfir en í öðrum skólum sögðust foreldrar vera orðnir ringlaðir vegna of tíðra upplýsinga, erfitt væri að vinsa úr það sem máli skipti og að námsumsjónarkerfið væri yfirfullt af upplýsingum sem þeir skildu lítið í. Í máli foreldra kom því fram að allur gangur væri á upplýsingastreymi og gagnsæi í því sem nemendur fást við í námi sínu.

Allnokkrir viðmælendur nefndu að þeir teldu nemendur ekki fá tækifæri til að bæta sig því viðmið væru aðeins skoðuð einu sinni og þar við sæti. Lítið var um að foreldrar litu á árangur nemenda í hverju hæfniviðmiði fyrir sig sem núverandi stöðu þeirra sem sífellt mætti bæta með því að sýna fram á betri hæfni, sem gefur til kynna að annaðhvort hafi foreldrar ekki áttað sig á því að þannig væri unnið með hæfniviðmiðin eða að þannig hafi ekki verið unnið með þau í þeirra skólum. Hvað varðar tengingu hæfniviðmiða við verkefni nemenda var algengt að foreldrar segðust vita eða búast við að svo væri en þó voru nokkuð margir viðmælendur sem könnuðust ekki við neina slíka tengingu hæfniviðmiða og viðfangsefna nemenda og töldu nemendur jafnvel ekki gera það heldur.

Foreldrar höfðu áhyggjur af ósamræmi, bæði á milli skóla en einnig á milli greina og kennara innan síns skóla. Öttuðust foreldrar að ákveðin einkunn við lok síns skóla stæði ekki endilega fyrir það sama og nákvæmlega sama einkunn úr öðrum skóla og að þetta gæti mögulega haft áhrif á inntöku framhaldsskóla með þeim afleiðingum að nemandi sem hefði í raun lakari hæfni kæmist inn í þann skóla sem hann hefði sett efst í sínu vali á kostnað nemanda sem væri hæfari en hefði útskrifast úr grunnskóla sem gæfi almennt lægri einkunnir. Í þessu samhengi gáfu foreldrar ýmis dæmi og í einum skólanum voru foreldrar og nemendur sammála um og gengu út frá því að það væri í rauninni ekki hægt að fá A og tóku kennarar og skólastjórnendur undir það. Ljóst er því að ekki er um samræmi að ræða en þó verður að taka með í reikninginn að foreldrar þekkjá almennt matskvarðann sem nemendur útskrifast eftir í 10. bekk fremur illa og skilja ekki vel hvað býr að baki honum eins og greinilega kom fram í rýnihópaviðtölunum.

Foreldrar höfðu sömuleiðis margir hverjir orðið varir við ósamræmi milli greina og kennara innan síns skóla. Dæmi voru um að foreldrar og nemendur hefðu fengið einkunnablöð þar sem eingöngu voru gefnir bókstafir í sumum fögum, eingöngu tölur í öðrum og í enn öðrum fögum eingöngu umsagnir. Svo var að heyra að þetta hefði ruglað bæði foreldra og nemendur í ríminu og þeir upplifað ósamræmi milli greina og kennara og þótt það óþægilegt.

Foreldrar þekktu helstu hugtök námskrárinnar illa en þess ber að geta að í mörgum skólum voru önnur heiti notuð fyrir þessi hugtök en þau sem notuð eru í aðalnámskránni. Nánar verður vikið að því í kafla 3.2. Fæstir foreldrar gátu útskýrt hvað hæfniviðmið eru eða gert greinarmun á hæfniviðmiðum og matsviðmiðum. Undantekning

frá þessu voru grunnþættir menntunar en þegar sumir þeirra voru nefndir á nafn var meginþorri viðmælenda á því að unnið væri með þá á ýmsa vegu í skólasterfinu. Sömu leiðis gátu margir nefnt grunnþáttinn læsi.

Langflestir foreldrar spegla bókstafseinkunnir yfir í talnaeinkunnir, þeir telja sem sagt hvern bókstaf tákna talnaeinkunn á ákveðnu bili. Þeir hugsa námsmat í tölum og prósentum, tala um mismikið vægi verkefna og prófa og þar fram eftir götunum. Hér er þó ekki einvörðungu við foreldrana sjálfa að sakast því eins og vikið verður að í kafla 3.2 tala sumir kennarar á sömu nótum, tilgreina í einhverjum tilfellum hversu mikið vægi ákveðin próf hafi í prósentum og spegla einkunnir því sem næst.

Styrkleikar

Langflestir foreldrar hafa orðið varir við grunnþætti menntunar og telja þá birtast í ýmsum myndum í skólasterfinu. Margir foreldrar voru á því máli að breytt fyrirkomulag við námsmat væri af hinu góða fyrir nemendur. Óholl samkeppni og samanburður nemenda á árangri sínum í hvers kyns verkefnum, könnunum og prófum heyrði nú nánast sögunni til sem og að þetta fyrirkomulag drægi úr stressi og kvíða fyrir prófum og öðru mikilvægu námsmati miðað við það sem áður var. Þó svo að sumir hafi velt því fyrir sér hvort það væri mögulega letjandi að flestir nemendur fái B, að B nái yfir það vilt svið að sumir nemendur sjái það ekki sem erfiðisins virði að leggja meira á sig því líklega kæmi hvort eð er B upp úr krafsinu, voru foreldrar almennt á því að líta mætti á þetta sem ótvíræðan styrkleika viðmiðabundnu matskvarðanna.

Tækifæri til úrbóta

Foreldrar voru á því máli að óvissa og seinkun sem átti sér stað í innleiðingarferlinu hafi verið til vansa og aukið mjög á öryggi bæði nemenda og foreldra. Þetta kom reyndar sterklega fram í öllum gerðum rýnihópa og var talað um að slíkt mætti ekki eiga sér stað aftur heldur þurfi að ganga hreint til verks, halda áætlun og virða tímamörk.

Álag á kennara virðist ekki hafa farið fram hjá foreldrum því eitt af því sem kom fram í rýnihópaviðtölum við foreldra voru áhyggjur af því að kennarar hafi ekki fengið nægjanlegan tíma til þeirra verka sem á þá bættust í innleiðingarferlinu. Var í því samhengi nefnt að það skorti peninga, ráðgjöf og aðstoð við skólana.

Foreldrar upplifðu innleiðingu og eftirfylgni við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 þannig að þeir hefðu ekki fengið nægar upplýsingar um hvað málið snerist og þegar þeir hafi innt fólk eftir því hafi fát verið um svör. Ljóst er að upplýsa þarf foreldra betur og mætti þar skoða aðrar leiðir en staka kynningarfundir, til að mynda kom fram sú hugmynd að gera mætti sjónvarpsþátt þar sem helstu upplýsingar væru settar fram á skýran og greinargóðan hátt.

Að síðustu má nefna að mörgum viðmælendum þóttu matskvarðar óljósir og kölluðu sumir eftir sýnishornum um framúrskarandi hæfni eða hvað „hæfni náð“ þýddi, þannig að útskýrt væri með dæmum hvernig mismunandi úrlausnir verðskulda ólíkar einkunnir. Þetta væri mögulega hægt að útfæra í einhverri mynd.

1.4.2 Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum við kennara

Þegar kennarar voru spurðir að því hvernig innleiðing aðalnámskrár frá 2011 og 2013 og eftirfylgni af hálfu menntamálayfirvalda hefði tekist til voru svörin undantekningarlaust á þá leið að þeir hefðu ekki orðið varir við neina eftirfylgni, að hún hefði ekki verið til staðar og að skólunum hafi verið ætlað að leysa málið upp á eigin spýtur. Enginn kennari í viðmælendahópunum var ánægður með innleiðingu námskrárinnar af hendi menntamálayfirvalda. Kennarar upplifðu að námskránni hefði verið „dembt“ eða „skellt“ á kennara og þeim ætlað að sjá um framhaldið hjálparlaust. Sú vinna hafi svo farið fram í hverjum og einum skóla þar sem allir hafi glímt við sömu erfiðleikana, „hver og einn í sínu horni“ af miklu óöryggi og undir miklu álagi. Það hafi skilað ólíkum árangri og ólíkri túlkun sem ekki hafi orðið til að auka samræmi og samhæfingu milli skóla. Kennarar lýstu fyrstu árunum eftir að aðalnámskráin tók gildi sem afar erfiðum árum sem hafi einkennst af óvissu og úrræðaleysi. Hins vegar hafi sú mikla vinna sem fram fór í flestum skólanna skilað sér í því að kennarar séu orðnir öruggari með sig upp á síðkastið og margir ánægðir með ákveðna þætti námskrárinnar. Það er því mat kennara að menntamálayfirvöld hafi haft ágætar hugmyndir en að þær hafi verið óútfærðar og þeim illa fylgt eftir sem hafi orðið til þess að skólastjórnendur og kennarar sátu hverjir í sínu horni að vinna sömu vinnu en að þrautseigja og þrotlaus vinna hafi á endanum skilað sér í skilningi og öryggi.

Við innleiðinguna segja flestir kennarar að skort hafi bæði tíma og fjármagn. Hugsunin sé göfug en það sé eins og námskráin hafi verið skrifuð fyrir fjársterkara skólakerfi en sé til staðar. Aðalnámskráin frá 2011 og 2013 telst að mati kennara vera gjörbreyting á því sem áður var og mat þeirra að vart sé hægt að ætlast til að svo miklum breytingum sé komið sómasamlega í gegn nema að tími til þess fylgi. Í því samhengi fundu kennarar greinilega fyrir auknu álagi í starfi og fullyrtu sumir að svo mikill tími hefði legið í námskrártengdum verkefnum að það hefði komið niður á nemendum þeirra. Kennarar voru yfir það heila einkar ósáttir við vinnubrögð menntamálayfirvalda sem þeir töldu hafa afhent sér aðalnámskrá, sem kallaði á miklar breytingar á starfi þeirra, án nokkurrar aðstoðar eða leiðsagnar. Það hafi verið alfarið í höndum starfsfólks skólanna að túlka og framkvæma sem hafi krafist tíma sem ekki var í boði. Telja kennarar því margir hverjir að menntamálayfirvöld hafi ekki verið í tengslum við það sem gerðist „á gólfinu“ og tala um að þeir hafi aðallega getað leitað hver til annars, það hafi ekki verið nein svör að fá hjá yfirvöldum. Engu að síður voru sumir kennarar ánægðir með faglegt og markvisst starf sem fór fram innanhúss og töldu vel staðið að innleiðingu og eftirfylgni af hálfu sinna skólastjórnenda. Í sumum tilvikum hafði samvinna farið fram milli skóla um ákveðna þætti innleiðingarinnar, til að mynda varðandi grunnþætti menntunar þar sem útbúin var stefna fyrir hvern grunnþátt í hverjum árgangi eða grein, og ríkti nokkur ánægja um slíkt samstarf.

Margir kennarar hafa ekki tamið sér orðaforða námskrárinnar. Hugtök voru nokkuð á reiki, óvissa var varðandi lykilhæfni og grunnþætti menntunar og gjarnan fjallað um hæfniviðmið og matsviðmið sem sama hlutinn. Kennurum var í fjölmörgum tilfellum tamt að nota önnur orð en þau sem koma fyrir í námskránni. Til að mynda töluðu afar margir kennarar, og einnig foreldrar, nemendur og skólastjórnendur, um „markmið“ og áttu þar í flestum tilfellum við hæfniviðmið, í sumum tilfellum um bæði hæfni- og matsviðmið og í enn öðrum um markmið sem höfðu litla sem enga tengingu við

hæfniviðmið eða matsviðmið. Mörg hugtök sem bárust inn í skólakerfið með aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 hafa ekki náð fótfestu í máli þeirra kennara og skólástjórnenda sem við var rætt í rannsókninni.

Nær öllum viðmælendum í rýnihópum kennara þykir aðalnámskráin of flókin, háfleyg og víðfeðm. Þeim þykir textinn vera þannig að erfitt sé að túlka hann og auðvelt fyrir tvo að túlka hann á mismunandi vegu. Margir töluðu óhikað um að kennarar skildu ekki hæfni- og matsviðmiðin, þau væru of háfleyg, of mörg og of víðtæk. Þess vegna treystu þeir sér ekki til að meta öll þessi viðmið og þætti erfitt að tengja saman hæfniviðmið, verkefni og námsmat. Sumir þeirra sem þó töldu sig örugga í túlkun hæfniviðmiða áttu í erfiðleikum með að tengja saman hæfniviðmið og matsviðmið. Greinilegt er að hæfniviðmiðin eru mismikið notuð eftir skólum, í sumum skólum eru þau áberandi í hefðbundnum kennsludegi en annars staðar hafa þau verið sett í auka-hlutverk og sögðu kennarar í einum skóla til að mynda að þeir notuðu hæfniviðmið í raun ekki. Sumir kennarar nota enn fyrri námskrá að einhverju leyti, til að mynda þrepamarkmið. Að mati allra viðmælenda eru hæfniviðmiðin of mörg og orðalag þeirra of flókið og túlkunum háð. Þau séu göfug og háleit en á sama tíma sé óraunhæft að nemendur á grunnskólaaldri getið náð þeirri hæfni sem ætlast er til í mörgum þeirra. Einnig var nokkuð rætt um frelsið sem nógildandi aðalnámskrá hefði í för með sér en kennarar voru á því að það væri mun meira en í fyrri námskrám. Þótti sumum það gott en öðrum of mikið af hinu góða. Var þá talað um of mikið frelsi, það frelsi hefði orðið helsti og kallað var eftir því að frelsið yrði varðað og kennurum gefnar skýrari línur með aðalnámskrá því þá skorti verkfæri til að vinna úr óljósum viðmiðum sem væru um of undirorpin túlkun hvers og eins.

Kennarar voru ekki á einu máli um viðmiðabundna matskvarða námskrárinnar. Fæstir höfðu komist möglunarlaust að niðurstöðu um lokaeinkunn nemenda við lok grunnskóla og jafnvel hafði það gengið „hræðilega illa“. Þeir tala um að kennarar séu ósammála um hvað hver bókstafur standi fyrir og rannsakendur urðu varir við ólíkar túlkanir viðmælenda á því hvernig nota ætti matskvarðana. Kennarar viðurkenna fúslega að víða sé unnið ólíkt eftir greinum eða kennurum og því sé ósamræmi í einkunnagjöf bæði innan skóla og á milli skóla. Nokkuð var um að viðmælendur hafi reiknanlega kvarða á bak við lokaeinkunn sína, tali um mismunandi prósentuvægi verkefna og prófa og hafi speglað einkunnir algjörlega, það er að segja túlki bókstafseinkunn sem talnaeinkunnir á ákveðnu bili, og geri jafnvel enn. Aðrir segjast sakna vinnueinkunnar sem áður var og noti hana hálfpartinn enn og fram kom dæmi um viðmælenda sem hafði til að mynda lækkað bókstafseinkunn nemanda vegna hegðunar. Margir kennarar byggja einkunnir sínar alfarið á hæfniviðmiðum sem þeir tengja við matsviðmið og er því ljóst að mikið ósamræmi er í því hvernig einkunnir nemenda við lok grunnskóla eru fengnar.

Eins og nefnt var áður þykja kennurum hæfniviðmið mörg hver of háfleyg og efnistöð þeirra of umfangsmikil sem getur orsakað að þeir annaðhvort skilji ekki hvað verið sé að fara fram á eða að kröfurnar séu að þeirra mati óraunhæfar. Talsvert var rætt að þetta væri misslæmt eftir greinasviðum og voru þar helst nefndar náttúru-greinar og samfélagsgreinar sem þær sem verst hafi orðið úti hvað þetta varðar.

Skólastjórnendur voru á sama máli eins og vikið verður að síðar og það sama á við í tilfelli list- og verkgreina og skólaípróttá. Þar ríkti mikil óánægja um að fella eigi ólík fög undir sömu einkunn við lok grunnskóla. Í list- og verkgreinum geti þetta orðið til þess að nemandi eigi að fá einkunn við lok 10. bekkjar fyrir eitthvað sem hann hefur ekki stundað síðan í 8. eða jafnvel 7. bekk. Einnig fái nemandi sem er sérstaklega fær í einni list- eða verkgrein ekki að njóta góðrar einkunnar fyrir hana ef hann er síðri í hinum og það sama eigi við um ípróttir og sund. Þess eru dæmi að skólastjórnendur og kennarar fari fram hjá reglum og gefi ólíkar eða ekki neinar einkunnir fyrir mismunandi list- og verkgreinar.

Allur gangur var á því hvernig námsframvinda nemenda var skráð og upplýsingar um hana gefnar foreldrum, allt frá því að vera eingöngu gert í foreldraviðtölum og stöku tölvupósti yfir í það að vera nákvæmlega fært inn í námsumsjónarkerfi (Mentor eða Námfús) eftir hvert verkefni nemenda með tengdum hæfniviðmiðum. Mismunandi var hvort skólar notuðu liti til að gefa til kynna stöðu hvers hæfniviðmiðs, tákn, bókstafi, tölustafi eða einhverja blöndu af þessu. Við þá skóla sem nýttu sér námsumsjónarkerfi í miklum mæli var nokkuð um áhyggjur í kennarahópnum af því hvort breytt fyrirkomulag gæti latt foreldra þegar kemur að því að fylgjast með námsframvindu barna sinna en þó var ekki fastmótuð tilfinning fyrir því hvort sú væri raunin. Verulegrar óánægju gætti hins vegar með námsumsjónarkerfin, sér í lagi á þeim tíma sem breytt námsmat var nýtt af nálinni. Þá þóttu námsumsjónarkerfin hægja á, koma í veg fyrir að skólar gætu farið ákveðnar leiðir og auka enn á það úrræðaleysi og óöryggi sem lýst var fyrir í þessum kafla. Þótti kennurum nauðsynlegt að Mentor og Námfús væru ekki enn ein flækjan heldur yrði tæknin að fylgja betur og hraðar með breyttum áherslum.

Viðmiðunarstundaskrá var að flestra mati nokkuð raunhæf til að ná hæfniviðmiðum en hafa ber í huga að í sumum tilvikum þótti samkennta, samþætting námsgreina og uppbrot í skólastarfi á borð við þemavinnu stuðla að því að auðveldara væri að ná fram þeim tíma sem til þyrfti. Sumir kennarar voru þó þeirrar skoðunar að tíminn væri mjög naumur og að of lítill tími væri gefinn í viðmiðunarstundaskrá til að ná hæfniviðmiðum námskrár. Þeir kennarar vildu þó ekki leysa málið með því að auka við tímafjölda í viðmiðunarstundaskrá heldur með því að fækka hæfniviðmiðunum og draga úr þeim kröfum sem þar eru gerðar til nemenda.

Margir kennarar voru hlutlausir varðandi það hvort framboð námsgagna samræmdist hæfniviðmiðum en aðrir töldu það ekki nægjanlegt og að námsgögnin væru ekki nógu góð. Viðmælendur nefndu að framboð námsgagna hefði ekki fylgt þeirri þróun sem varð í námskrármálum með tilkomu hæfniviðmiða.

Styrkleikar

Auðsýnilegt er á máli viðmælenda í rýnihópaviðtölum kennara að þeir kunni vel að meta hugmyndafræði aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 og að þeim líki breyttar áherslur í hæfnimiðuðu námi. Þrátt fyrir einhverjar óánægjuraddir er meginþorri þeirra hrifinn af grunnstefi námskrárinnar og telur það góða breytingu og í

takt við tímann að kenna til hæfni. Það voru því ekki breyttar áherslur námskrárinnar sem fóru illa í kennara heldur framsetning textans, erfið innleiðing og upplifun þeirra á skorti á eftirfylgni af hálfu menntamálayfirvalda.

Viðmælendur segjast í auknum mæli geta „sletið sig frá bókinni“ og stundað fjölbreyttari kennsluhætti en áður. Námskráin hafi gert kennslu fjölþættari og fengið kennara til að prófa nýja hluti. Það kosti hins vegar mikla vinnu og ekki séu allir reiðubúnir til að leggja slíkt á sig. Annað dæmi varðandi vinnuálag er að sumir kennarar segja að yfirferð verkefna taki nú styttri tíma en áður en hins vegar sé flóknara og tímafrekara að ákvarða lokaekinnir þar sem áður hafi verið hægt að reikna þær auðveldlega út frá þeim tölum sem fyrir lágu. Kennarar sjá þó margir hverjir kosti í að þurfa ekki að binda sig við tölur og nefna til dæmis rétt eins og foreldrar að minna sé um óeðlilega samkeppni milli nemenda.

Tækifæri til úrbóta

Fyrst og fremst þótti viðmælendum í rýnihópum kennara menntamálayfirvöld hafa þurft að spila mun stærra hlutverk í innleiðingu og eftirfylgni aðalnámskrárinnar. Þau hafi verið fjarlæg í ferlinu og frá þeim hafi ekki komið svör við þeim spurningum sem kennarar höfðu. Kennarar telja að það hafi vantað samtal við kennarastéttina og að betur hefði farnast ef það hefði átt sér stað. Stungið var upp á námskeiðum frá menntamálayfirvöldum og að fá „sérfræðinga inn á gólfíð“. Einhugur gildi um að gott hefði verið að fá manneskju á staðinn eða teymi inn í skólana sem hefði leitt ferlið áfram skref fyrir skref.

Nokkur gagnrýni kom fram á þá tímasetningu sem opið var fyrir athugasemdir við væntanlega námskrá. Hún hafi fallið á sumarleyfi og fólk hafi verið að meðtaka miklar breytingar og því ekki haft forsendur til að senda inn athugasemdir. Hugmyndir voru um eins konar tilraunakeyrslu í útvöldum skólum í stað þess að setja allt kerfið í eins stórar breytingar og raun bar vitni án þess að hafa prófað hvernig þær kæmu út og hvernig best væri að standa að innleiðingu þeirra. Þó var einnig sett út á seinkun sem átti sér stað í ferlinu og fullyrt að hún hefði skapað kergju og rugling frekar en að skila sér í öryggi og bættum undirbúningi. Má þar nefna ákvörðun menntamálaráðherra undir lok árs 2013 um að seinka innleiðingu námsmatskerfis aðalnámskrárinnar. Það hafi verið gert í því skyni að klára innleiðinguna svo vel væri en það hafi hins vegar ekki gerst heldur í rauninni haft öfug áhrif. Margir hafi dottið í að halda að þetta yrði blásið af eða að breytinga væri von sem hafi orðið til þess að gert hafi verið hlé á undirbúningsvinnu innan skólanna og fátt gerst í framhaldinu vegna svaraleysis menntamálayfirvalda. Skólastjórnendur voru á sama máli eins og vikið verður að í kafla 3.4.

Þó ýmis tækifæri séu til úrbóta tóku kennarar það skýrt fram að þeir kalli ekki eftir því að öllu sé kollvarpað heldur að þeim góðu hugmyndum sem koma fram í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 sé komið til skila á einfaldari og skýrari hátt og að menntamálayfirvöld hafi svör á reiðum höndum þegar kemur að óvissuatriðum.

1.4.2 Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum við nemendur

Viðmælendur í rýnihópum nemenda könnuðust misvel við aðalnámskrá grunnskóla. Fæstir þekktu vel til námskrárinnar eða helstu hugtaka hennar en það verður að teljast eðlilegt, sérstaklega í tilfalli yngri nemenda. Nemendur í 10. bekk höfðu ágæta hugmynd um aðalnámskrá, könnuðust margir við hæfniviðmið og höfðu talsvert velt fyrir sér viðmiðabundnum matskvörðum. Einnig voru nemendur með á nótunum varðandi námsframvindu sína í námsumsjónarkerfum í þeim skólum sem slíkt var notað að ráði en sumir þeirra töldu erfitt að skilja námsstöðu sína engu að síður. Í öðrum tilfellum var aðgengi að litlum eða engum upplýsingum í námsumsjónarkerfi að sögn nemenda og voru þeir þá óvissir um stöðu sína. Hins vegar má segja um nánast alla viðmælendur óháð þessu að þeir hafi gjarnan viljað hafa skýrari yfirsýn og að þeir hafi viljað skilja betur hver námsstaða þeirra væri og hvernig hún þróaðist.

Almennt mundu nemendur ekki eftir sérstakri kynningu eða fundum um námskrármál en sögðust hafa fengið upplýsingar annaðhvort frá umsjónarkennara eða greina-kennurum. Upplýsingarnar þóttu þeim hins vegar víða vera af skornum skammti og sögðust vera óöruggir um það hvernig hæfniviðmið og matsviðmið virkuðu og sérstaklega hvernig lokaekinnir þeirra eftir 10. bekk væru fengnar. Nemendur þurfa að eigin mati að bera sig eftir því að fá svör og kennarar geti þá í flestum tilfellum veitt þau en nógu góðum upplýsingum sé ekki komið til þeirra að fyrra bragði. Umfram annað vildu nemendur upplýsingar um það hvernig þeir gætu bætt sig, hvað þyrfti til að fá ákveðnar einkunnir og hvernig lokaekinnir þeirra mynduðust.

Nemendur sem voru að fara útskrifast úr grunnskóla örfáum mánuðum eftir viðtölin virtust í fæstum tilvikum hafa séð matskvarða greinasviðanna eða vita hvernig lokaekinnir þeirra yrðu byggðar upp. Nemendur vissu almennt lítið um hvers vegna þeir fengju ákveðna bókstafi, liti eða tákni fyrir hæfniviðmið eða verkefni og tengdu það yfirleitt við að annaðhvort „kunna eitthvað nógu vel“ eða ekki. Sumir höfðu góðan skilning á hæfniviðmiðum en aðrir engan, í mörgum tilfellum þekktu nemendur hugtakið betur sem „markmið“ en í sumum þeirra gat orðið markmið einnig átt við fleira en aðeins hæfniviðmið. Töldu margir hæfniviðmið vera óljós í skólastarfinu en í sumum skólum töluðu nemendur um að þau væru oft hangandi uppi á veggjum eða töflu og birtust á þeim verkefnum sem unnið væri að hverju sinni. Nemendur vissu í sumum tilfellum ekki hvort eða hvernig þeir gætu bætt sig og í öðrum tilfellum voru þeir vissir um að þeir gætu ekki bætt sig því hvert hæfniviðmið væri aðeins metið einu sinni og ekki væri hægt að sýna fram á betri hæfni eftir það. Undantekning á þessu væri helst ef kennari leyfði hópum eða ákveðnum nemendum að endurtaka próf sem gengið hefðu afar illa en það var að sögn viðmælenda ekki algengur atburður. Munurinn á milli A, B og C virtist nemendum ráðgáta í nokkrum tilfellum, þeir áttu erfitt með að átta sig af hverju einhver fengi C en ekki B því það væri ekki ljóst hvernig sú einkunn væri fundin eða hverju munaði á henni og B og hvað „þetta meira“ sem þyrfti til að fá A væri var þeim hulið. Sumir sögðust skilja það þannig að ekki væri hægt að fá A nema að hafa lokið öllu námsefni grunnskólans og tekið framhaldsskólaáfangu og aðrir sögðu einfaldlega ekki vera hægt að fá A eins og áður hefur komið fram. Segja má því að fyrir hluta nemenda sé bókstafakerfið ruglingslegra vegna breiðra bila og viðmiðabundinna kvarða sem takmarkaður skilningur er á og staða hvers og eins því óljósari að þeirra mati.

Allir nemendur upplifa ósamræmi milli greina og kennara að einhverju leyti varðandi einkunnir, notkun hæfniviðmiða og einnig var rætt um leiðsögn í þessu samhengi. Nemendur gáfu dæmi um fjölmargar ólíkar aðferðir sem kennarar þeirra notuðu. Sumir sögðust taka próf þar sem gefinn væri bókstafur fyrir hverja spurningu og þeir svo dregnir saman í einn bókstaf fyrir prófið. Aðrir sögðust fá verkefni sem væru þannig gerð að spurt væri „A-spurninga, B-spurninga og C-spurninga“ og ef maður svaraði flestum C- og B-spurningum rétt fengi maður B og svo framvegis. Einnig kom fram að sums staðar væri líka hægt að fá B+ og C+ fyrir stök verkefni. Í tengslum við verkefni voru hæfniviðmið uppfærð í námsumsjónarkerfum hjá sumum en eingöngu einkunn gefin fyrir verkefnið sem slíkt hjá öðrum. Margir nemendur fengu svo tölur fyrir verkefni sín og urðu lítið varir við hæfniviðmið og á það líka við um nokkra nemendur í 10. bekk. Flestir voru með einhvers konar tákna- eða litakóða sem uppfærður var í kjölfar verkefna en í sumum tilfellum var eingöngu gefið fyrir próf eða verkefni á þann hátt en ekki tengt við hæfniviðmið eftir því sem nemendur best vissu. Örfáir sögðust fá bæði bókstafi og liti fyrir hæfniviðmið og nokkrir töluðu um að mismikið vægi væri á verkefnum og prófum. Allur gangur er á því hvernig verkefnum er skilað til nemenda og hvaða upplýsingar fylgja þeim og fá sumir umsögn eða leiðsögn meðan flestir fá einungis bókstaf, tákna eða tölu. Það er því ljóst að allur skalinn er notaður í skólum landsins og gífurlegur munur er á því hvernig nemendur eru metnir og hversu stórt hlutverk hæfniviðmið spila í námi þeirra.

Styrkleikar

Þó svo að fleiri en færri nemendur hafi viljað snúa aftur í tölueinkunnir voru allnokkrir sem lýstu ánægju sinni með bókstafaeinkunnir og hæfnimiðað matskerfi. Þegar haft er í huga hversu nýtilkomið það er og hversu mikilli óvissu það hefur verið hjúpað á þeim tíma að mati rýnihópa foreldra, kennara og skólastjórnenda er líklega þess virði að staldra við og velta þessu fyrir sér. Nemendur útskýrðu þetta meðal annars með því að það væri minna stress og minni pressa á þeim auk þess sem áður nefndar vangaveltur um minni samanburð eða samkeppni milli nemenda komu einnig fram hjá rýnihópum nemenda.

Flestallir nemendur könnuðust við að hafa unnið verkefni þar sem grunnþættir menntunar komu við sögu. Grunnþættirnir sem taldir voru upp sem dæmi voru sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði og mannréttindi og við þetta bættu nemendur svo læsi. Einnig vildu sumir nemendur meina að grunnþættir menntunar væru ekki eingöngu teknir fyrir í ákveðnum verkefnum heldur væru innbyggðir í skólastarfið og kæmu síendurtekið fyrir í öllu námi þeirra.

Tækifæri til úrbóta

Viðmælendur í rýnihópum nemenda um innleiðingu og eftirfylgni við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013 kölluðu einna helst eftir betri upplýsingum um námsstöðu sína, samræmi milli greina og fræðslu um matskvarða sem notaðir eru til að meta nemendur við lok grunnskóla.

Nemendur sögðu einnig að hæfni- og matsviðmiðin væru flókin og illskiljanleg og að þeir vissu ekki við hvað væri átt með orðalagi á borð við að nemandi eigi að geta gert

eitthvað „mjög vel“, þeim þykja viðmiðin of huglæg eða fjarri sér. Eins og einn nemandi orðaði það svo varfærnislega þá „væri hægt að umorða þessi hæfniviðmið“. Talað var um að til þess að geta stefnt að markmiðum sínum og ákveðnum einkunnum hljóti nemandur að þurfa að skilja þær kröfur og þau viðmið sem liggja undir og ef þeir skilja þau ekki vel þá hljóti umbóta að vera þörf.

1.4.2 Niðurstöður úr rýnihópaviðtölum við skólastjórnendur

Enginn skólastjórnandi sem rannsakendur ræddu við í rýnihópaviðtölum var ánægður með innleiðingu eða eftirfylgni menntamálayfirvalda við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013. Var það sagt hafa verið „í skötulíki að öllu leyti“ og flestir sögðust ekki kannast við að nein eftirfylgni hafi átt sér stað meðan sumir sögðu hana hafa verið litla. Skólastjórnendur, rétt eins og kennarar, upplifðu að þeim hefði verið „hent í djúpu laugina og látin troða þar marvaðann“ eins og einn þeirra komst að orði. Þeir sögðust ekki hafa haft aðgang að neinum á næsta stjórnunarþrepi sem hefði verið hægt að leita til þegar aðstoð vantaði við innleiðinguna og að þeir hafi alltaf verið að bíða eftir samtali eða einhverjum sem kæmi til hjálpar. Þetta hafi verið mörg ár af óöryggi sem hafi valdið þeim og starfsliði þeirra miklum óþægindum. Algengt var að skólastjórnendur töluðu um að allt frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafi komið seint og illa eða alls ekki, þeir hafi því þurft að treysta alfarið á starfsfólk sitt og þar hafi sumir kennarar staðið sig vel og aðrir síður – „innleiðingin stendur og fellur með viðkomandi kennara“ eins og einn orðaði það. Var það almennt álit skólastjórnenda að sú litla eftirfylgni og sá skortur á leiðbeiningum sem þeir upplifðu hafi komið sér sérlega illa í þessu tilfalli því að umrædd aðalnámskrá boði „byltingu“, gjörbreytingu á skólakerfinu og námi. Í því samhengi sé áhugavert að velta fyrir sér að fólk innan skólanna tali enn um „nýju námskrána“ þó svo að hún sé orðin átta og sex ára gömul. Vildu sumir meina að orsök þess væri sú að skólastjórnendur og kennarar væru enn óöruggir og myndu þeir vera með eitthvað nýtt í höndunum sem þeir næðu enn ekki almennilega utan um.

Skólastjórnendum varð tíðrætt um óvissuástand sem ríkt hafi lengi og geri í sumum skólum enn. Kennarar hafi verið afar óöruggir og mikil kergja og stress gert vart við sig. Álit flestra skólastjórnenda speglast ágætlega í orðum eins þeirra sem sagði að „allt í einu skildi heil stétt ekki lengur hvað hún var að gera“. Skólastjórnendur hafi skort verkfæri til að leiða sinn hóp og hringlandaháttur hafi gert illt verra. Til að mynda hafi farið fram vinna varðandi lykilhæfni sem svo var dregin til baka og sökum slíkra breytinga, biðar og frestunar hafi töluverð vinna sem búið var að inna af hendi tapast og það hafi komið sér illa á viðkvæmum tímum í grunnskólum landsins. Viðmælendur voru á því að erfitt hefði reynst að ná sambandi við ráðuneytið og gáfust sumir þeirra upp. Margir hafi frekar haft samband við aðra skóla til að leita eftir svörum þar eða farið í samstarf með öðrum skólum sem þá var leitt af þeim skóla sem var kominn hvað lengst en ekki af menntayfirvöldum. Spyrja sumir viðmælenda sig svo að því hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi getað gefið sér það að sumir skólar væru með fólk í handleiðslu og er á þeim að heyra að ekki hafi verið rétt að láta skólastjórnendur draga vagninn en annað hafi ekki virst vera í boði. Rétt er að taka fram að skólastjórnendur túlkuðu í sumum tilvikum hugtakið menntamálayfirvöld á þann hátt að bæði væri um að ræða mennta- og menningarmálaráðuneytið og viðkomandi

sveitarfélag en kennarar túlkuðu það hins vegar nánast undantekningalaust á þann veg að eingöngu væri um ráðuneytið að ræða.

Þegar greinasvið námskrárinnar komu út árið 2013 fóru flestir skólar af stað í þá vinnu að flokka hæfniviðmið eftir árgöngum og sums staðar stendur sú vinna enn yfir. Í sumum tilvikum unnu nokkrir skólar þetta í sameiningu en í flestum tilfellum hver fyrir sig og það sama á við um aðra þætti sem grunnskólar landsins þurftu að takast á við. Sumir skólastjórnendur vilja meina að þessi vinna hafi verið ómarkviss og mismunandi eftir greinum, líklega vegna þess að kennarar skildu ekki almennilega til hvers væri ætlast af þeim og að allir hefðu unnið sína vinnu upp úr grunnögnum til að reyna að gera innihaldið merkingarþætt án þess að fá til þess þá aðstoð sem þurft hefði. Flestir hafi þó fundið einhverja lausn á endanum og þökk sé baráttu og seiglu innanhúss hafi tekist að koma skipinu á kjöl og reka skólana þrátt fyrir það óvissuástand sem ríkti.

Mismunandi er hvort skólastjórnendum finnist skýrt í námskránni til hvers sé ætlast af þeim. Sumir segja það ekki skýrt en margir telja það skýrt þó svo að sumir í síðarnefnda hópnum nefni að það sem ætlast sé til af þeim sé nánast óraunhæft. Engir skólar höfðu metið sérstaklega hvort grunnþættir námskrárinnar hefðu sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild eins og ætlast er til samkvæmt aðalnámskrá (bls. 17) og engir skólar höfðu sett matsviðmið fyrir aðra árganga en þá sem matsviðmið liggja fyrir í eins og sömuleiðis er gert ráð fyrir í aðalnámskránni (bls. 91, 119, 137, 164, 178, 192, 205, 220 og 230). Voru útskýringar á þann veg að ekki hafi gefist rými til þeirrar vinnu því skólastjórnendur og kennarar hafi átt fullt í fangi með að innleiða stórar breytingar í skólastarfið og því sé ekki lokið enn.

Allur gangur er á því hvernig unnið hefur verið með ýmsa þætti aðalnámskrárinnar í skólum viðmælenda í rýnihópum skólastjórnenda. Sem dæmi er í einum skóla mismunandi vægi verkefna og talnaeinkunnir notaðar í 10. bekk allt fram að útskrift og þá fyrst er hafist handa við að merkja við hæfniviðmið en matsviðmið ekki notuð. Í öðrum skóla eru hæfniviðmið og bókstafseinkunnir notaðar í öllum árgöngum og hæfniviðmið tengd við matsviðmið í 10. bekk. Aðrir skólar falla svo þarna á milli. Mismunandi er eftir kennurum hvernig hæfniviðmið eru tengd við verkefni en fáir hafa þau sýnileg að mati margra skólastjórnenda. Skólastjórnendur telja að einhverjir kennarar horfi til matsviðmiða við útskrift nemenda úr 10. bekk en allur gangur sé á því hvernig farið sé að, sumir séu enn með tölur á bak við þrátt fyrir áherslu á að gera það ekki og enn aðrir séu með flókin Excel-skjöl sem framkvæma útreikninga á bókstaf fyrir lokaekunn. Fullyrða má að matsviðmiðin séu ekki í almennri notkun þó að einstaka skólar horfi til þeirra.

Skólastjórnendur eru á sama máli og kennarar um hæfniviðmið, þeim þykja þau vera of mörg, of flókin, of háfleyg og að sum þeirra séu óraunsæ eða illmælanleg. Flestir þeirra segjast hikandi í túlkun viðmiðanna en nokkrir telja sig orðna nokkuð örugga. Mikið er sett út á orðskráð námskrárinnar sem verði til þess að erfitt geti reynst að túlka textann og mismunandi sé milli tveggja kennara hvernig það sé gert. Einnig sé erfitt fyrir foreldra og nemendur að ná utan um og skilja hæfniviðmið og matsviðmið námskrárinnar. Skólastjórnendur skafa ekki utan af því og segja hæfniviðmiðin

„hræðileg“, „handónýt“ og „ömurleg“, þau séu loðin og ómælanleg og eru þar hæfniviðmið náttúrugreina og samfélagsgreina sérstaklega nefnd ítrekað.

Mikill munur er eftir greinasviðum að mati svo gott sem allra skólastjórnenda. Fyrir utan þá sérstöku óánægju sem gætir með viðmið náttúrugreina og samfélagsgreina var fyrirkomulag einkunnagjafar fyrir list- og verkgreinar mikið gagnrýnt auk þess sem skólaíþróttir og erlend tungumál voru oft nefnd í því samhengi. List- og verkgreinar þóttu valda sérstökum vandræðum og áhyggjum. Sögðu skólastjórnendur það einfaldlega ekki ganga að gefa eina einkunn í listgreinum og eina í verkgreinum við lok grunnskóla því undirgreinarnar væru afar ólíkar og hver nemandi gæti staðið mjög misvel í þeim. Það sama gæti átt við íþróttir annars vegar og sund hins vegar. Einnig nefndu sumir skólastjórnendur að það væri með ólíkindum að nemendur ættu að ná sömu hæfniviðmiðum í ensku og dönsku því almennt væri mikill munur á færni nemenda í þeim tungumálum auk þess sem áramunur væri á því hversu lengi þeir hefðu lært tungumálin í skóla.

Sumir viðmælendur voru ánægðir með námsumsjónarkerfin sem notuð eru í þeirra skólum, sama hvort um var að ræða Mentor eða Námfús, en talsvert fleiri voru óánægðir með þau. Sérstaklega var talað um að Mentor hefði „þvælst fyrir“ skólastjórnendum og erfitt hefði verið að vinna með þeim, Mentor hefði verið eftir á og ekki tilbúinn að sinna breyttum þörfum. Höfðu því sumir breytt yfir í Námfús og voru sumir ánægðir með þá breytingu en aðrir ekki.

Skólastjórnendur víxluðu stundum hugtökum rétt eins og kennarar og töluðu sjálfir um að hugtökin hefðu verið og væru ruglingsleg, margt nýtt hefði komið í einu og að mismunandi væri hvaða hugtök væru notuð bæði innan hvers skóla og á milli skóla. Höfðu sumir hverjir áhyggjur af því að ólík hugtakanotkun gæti hindrað samtal milli skóla og þannig hamlað þróun. Þótti fæstum skólastjórnendum námskráin vel til þess fallin að stuðla að samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu á sameiginlegri menntastefnu en það er eitt helsta hlutverk aðalnámskrár (bls. 11) og lýsa orð eins viðmælenda skoðunum þeirra vel: „Það getur ekki verið samræmi og samhæfing þegar fólk veit ekki hvað það á að gera.“

Ekki var einhugur um viðmiðunarstundaskrá hjá skólastjórnendum. Töldu sumir hana vera hentuga en aðrir voru á því að alls ekki væri nægur tími í viðmiðunarstundaskrá, hún væri of stýrandi, mætti vera sveigjanlegri og treysta þyrfti grunnskólunum betur. Eins og kom fram í kafla 3.2 er samkenntsla, samþætting námsgreina og þemavinna gjarnan notuð til að bæta úr þar sem kennurum og skólastjórnendum þykir upp á vanta.

Kallað var eftir nútímavæðingu í námsefni og námsgögnum og því haldið fram að útgáfa hafi ekki haldist í hendur við þróunina sem orðið hafi í námskrármálum. Námsgögn hafi komið út frá Menntamálastofnun sem séu „ekkert í samræmi við hæfniviðmið“. Margir voru þó sáttir og þótti námsgögnin ekki vera vandamál. Sérstaklega var kallað eftir námsefni í íslensku sem öðru máli og því haldið fram að ekkert heildstætt námsefni væri til fyrir þá grein.

Styrkleikar

Hugmyndafræði aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 er góð að mati flestra viðmælenda og þeir tala um að andinn sem svífur yfir sé góður. Þeir segja kennara einnig vera hrifna af hugmyndafræðinni og það kom einmitt fram í viðtölum við rýni-hópa kennara.

Það er von skólastjórnenda að ekki verði snúið af þeirri braut að miða nám við hæfni en það þurfi hins vegar að þeirra mati ekki að gera á eins nákvæman og yfirgripsmikinn hátt og gert er í núgildandi aðalnámskrá. Skólastjórnendur telja meira rými fyrir fjölbreyttari vinnu í hefðbundnum námsgreinum með hæfnimiðuðu námi auk þess sem sumir sjá námsmatið sem kynnt var til sögunnar í námskránni í jákvæðu ljósi þar sem það losi að þeirra áliti um stress hjá þeim nemendum sem gjarnir séu á það að bera sig saman við aðra.

Tækifæri til úrbóta

Skólastjórnendur kalla eftir því að menntamálayfirvöld séu sýnilegri og í betri tengslum við skólana, fylgi betur eftir og hafi svör við þeim spurningum sem upp koma, en algengt þótti að þeir kynningarfundir sem haldnir voru fyrir skólastjórnendur hefðu bætt við fleiri ósvörðum spurningum. Skólastjórnendur hafi beðið eftir samtölum og hreinum og beinum fyrirmælum sem aldrei komu, jafnvel myndböndum eða heimsóknum frá höfundum námskrárinnar sem hefðu kynnt hana annars vegar fyrir kennurum og hins vegar fyrir skólastjórnendum. Einnig vilja þeir aukið fjármagn í tengslum við innleiðingu námskrár, til að mynda til þess að geta fengið verkefnastjórn inn á gólfíð í skólunum.

Fram komu hugmyndir um að fækka hæfniviðmiðum og hafa bæði þau og matsviðmið skýrari og einfaldari. Orðalagið þykir flókið og of háð túlkun hvers og eins, það megi ekki vera svona háfleygt heldur þurfi námskráin að vera á tungumáli sem allir skilja, starfsfólk skólanna jafnt sem foreldrar og nemendur. Til að auðvelda innleiðingu komu skólastjórnendur til dæmis með þær hugmyndir að prufukeyra nýjar áherslur í nokkrum skólum eða þá að byrja í fyrstu bekkjum skólanna og láta það svo „vaxa upp“ í stað þess að innleiða stórar breytingar í öllu grunnskólakerfinu í einu.

Tímasetningar og tafir voru talsvert gagnrýndar af skólastjórnendum. Til að mynda settu þeir út á að tíminn þegar hægt var að koma með athugasemdir varðandi námskrá hafi verið slæmur, eins og fram kom einnig hjá kennurum. Einnig var nefnt að biðin eftir matsviðmiðum fyrir 4. og 7. bekk hafi verið ansi löng og enn ekki á enda. Hvað varðar ákvörðun menntamálaráðherra um seinkun innleiðingar námsmatskerfis eru stjórnendur á einu máli um að hún hafi eftir á að hyggja verið slæm. Hún hafi ekki orðið til þess að skýrari svör eða betri fyrirmæli hafi komið frá menntamálayfirvöldum. Biðin hafi orsakað óöryggi og gremju og þar sem matið hafið í raun verið það sem kallaði á að kennarar þyrftu að fara að vinna með breyttar áherslur hafi það ekki verið fyrr en að þeir þyrftu að fara að nota matskvarðana að kraftur hafi komist í vinnuna. Einnig hafi breytingar, til að mynda varðandi lykilhæfni, orðið til þess að vinna glataðist. Það ber samkvæmt því samkvæmt skólastjórnendum að varast tafir og skyndilegar breytingar.

1.5 YFIRLIT

Í skýrslunni hefur verið sagt frá rýnihóparannsókn á innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013 og eftirfylgni við hana af hálfu menntamálayfirvalda. Um var að ræða eigindlega rannsókn þar sem tekin voru hálfopin viðtöl við rýnihópa foreldra, kennara, nemenda og skólastjórnenda. Farið var í átta skóla víðs vegar um landið í mars og apríl árið 2019 og rætt við þessa fjóra hópa í hverjum skóla. Samtals voru tekin 32 viðtöl sem 113 manns tóku þátt í. Sömu rannsakendur sáu um öll viðtöl en þau voru síðan afrituð af þriðja aðila.

Í viðtölum við foreldra og nemendur var lögð áhersla á að skoða skilning þeirra á hugtökum og hlutverki námskrárinnar í námi nemenda, til að mynda hvernig unnið væri með hæfniviðmið greinasviða í tengslum við verkefni nemenda og námið almennt, hvernig leiðsögn nemendur fengju, hvaða skilning þeir hefðu á námsstöðu sinni og sóknarfærum og hve vel þeir áttuð sig á þeim matskvörðum sem þeir yrðu metnir eftir við lok grunnskóla. Í viðtölum við rýnihópa kennara og skólastjórnenda voru áhersluatriðin álit viðmælenda á innleiðingu aðalnámskrárinnar og eftirfylgni menntamálayfirvalda, sér í lagi hvað varðar grunnþætti menntunar, lykilhæfni, hæfniviðmið og matsviðmið. Spurt var hvernig gengi að vinna út frá hæfniviðmiðum og tengja þau við verkefni, skipuleggja kennslu sem reyndi á öll matsviðmið og ákvarða lokaekinnir nemenda út frá viðmiðabundnum matskvörðum. Einnig var spurt hversu öruggir kennarar og skólastjórnendur væru í túlkun viðmiða, hvort þeir teldu inntak námskrárinnar stuðla að samræmi og samhæfingu skólstarfs og hvort þeir teldu viðmiðunarstundaskrá og framboð námsgagna samræmast hæfniviðmiðum.

Unnið var úr niðurstöðum eftir viðmælendahópum. Í rýnihópum foreldra og nemenda kom fram að þeir væru óruggir og að þeim þættu upplýsingar og svör af skorum skammti. Þeim fannst erfitt að fylgjast með eða skilja námsstöðu nemenda og höfðu takmarkaðar hugmyndir um hvernig mætti bæta hana. Báðir hópar höfðu lítinn skilning á því hvernig unnið væri með hæfniviðmið og þekktu matsviðmið við lok grunnskóla afar illa auk þess sem þeir höfðu áhyggjur af ósamræmi bæði milli skóla og milli greina eða kennara innan síns skóla. Þetta gæti bent til þess að innleiðingin hafi ekki gengið jafnt fyrir sig eða verið nógu samstillt innan skólanna, að einhverjir hafi fengið að halda sínu striki en nýjungagjarnari kennarar riðið á vaðið.

Í rýnihópum kennara og skólastjórnenda kom fram að þeir hefðu líka upplifað mikið óöryggi og óvissu og töluðu þeir mikið um það álag og úrræðaleyfi sem ríkt hefði árum saman. Enginn kennari né skólastjórnandi var ánægður með innleiðingu námskrárinnar eða eftirfylgni af hálfu menntamálayfirvalda. Þeim fannst þeim ekki geta leitað til menntamálayfirvalda eða fengið svör annars staðar en hjá hver öðrum og að öll vinna við innleiðingu aðalnámskrár hefði verið unnin innan veggja skólanna án utanaðkomandi stuðnings. Orðafórði námskrár var nokkuð á reiki og var mismunandi hvaða orð starfsfólk skólanna notaði yfir sömu hugtökin. Því er ljóst að mati rannsakenda að mörg ný og flókin hugtök aðalnámskrár hafi ekki náð fótfestu í máli fagfólksins sem gert geti samtal um námskrártengd mál erfitt. Kennurum og skólastjórnendum þykir texti námskrárinnar flókinn, háfleygur og undirorpinn túlkun hvers og eins sem kemur niður á skilningi þeirra á hæfni- og matsviðmiðum og ýtir undir ósamræmi milli

kennara og skóla. Gengið hefur illa að ákvarða einkunnir nemenda við lok grunnskóla og afar ólíkt er eftir skólum hvað býr þeim að baki og í hve miklum mæli stuðst er við þær aðferðir sem kveðið er á um í aðalnámskrá.

Styrkleikar núgildandi aðalnámskrár grunnskóla liggja að mati viðmælenda helst í hugmyndafræði námskrárinnar og grunnþáttum menntunar. Kennarar og skólastjórnendur kunna vel að meta þá breyttu hugsun sem boðuð er og eru jákvæðir gagnvart hæfnimiðuðu námi. Kennarar tala margir hverjir um að það ýti undir fjölbreyttari kennsluhætti og hvetji þá til að reyna nýja hluti í starfi sínu. Foreldrar og nemendur glöggva sig helst á grunnþáttum menntunar þegar þeir eru spurðir út í helstu hluta aðalnámskrár og mætti draga af því þá niðurstöðu að innleiðing og eftirfylgni við grunnþætti menntunar hafi tekist betur til en við aðra hluta námskrárinnar. Hafa ber þó í huga að hugtök á borð við læsi, jafnrétti og lýðræði standa fólki líklega nær en hugtök á borð við hæfniviðmið og lykilhæfni svo mögulega gætu foreldrar og nemendur hafa talað út frá almennri þekkingu sinni fremur en skilningi á námskránni og hvernig hún birtist í skólastarfinu. Að endingu má nefna að foreldrar, nemendur, kennarar og skólastjórnendur nefndu það sem mikinn kost að með einkunnagjöf í bókstöfum, litum eða táknum væri minna um óæskilega samkeppni og námsmatsbundna streitu hjá nemendum en áður var með einkunnagjöf í tölum.

Þó stendur helst upp úr greinileg óánægja og óöryggi í öllum viðmælendahópum og ljóst er að fyrir liggja mörg sóknarfæri til úrbóta. Fyrst og fremst kalla viðmælendur eftir skýrum svörum: Foreldrar og nemendur frá kennurum og skólastjórnendum og kennarar og skólastjórnendur frá menntamálayfirvöldum. Stuðningur menntamálayfirvalda við innleiðingu aðalnámskrár var að mati kennara og skólastjórnenda ófullnægjandi, þeim þóttu þau fjarlæg í ferlinu og fengu ekki frá þeim nauðsynleg svör. Þau þurfi því að vera sýnilegri, í betri tengslum við grunnskóla landsins og eiga við þá samtal. Varast þarf óvissu og seinkun sem setti strik í reikninginn við innleiðingu aðalnámskrár og vanda þarf tímasetningar. Innleiðingin hefði gengið betur að mati skólastjórnenda og kennara ef skólarnir hefðu fengið aukið fjármagn til verkefnisins, meiri tíma og utanaðkomandi stuðning og ef til vill hefði þurft að innleiða námskrána, sem að mati viðmælenda er gjörbreyting á skólastarfi, í áföngum en ekki með því að gera svo miklar breytingar á öllu grunnskólakerfinu á sama tíma. Viðmælendur kalla þó ekki eftir annarri gjörbreytingu á hugmyndafræði námskrár heldur stóru auknum stuðningi, fækkun og einföldun hæfni- og matsviðmiða og að aðalnámskrá grunnskóla sé skrifuð á máli sem kennarar og skólastjórnendur geta auðveldlega skilið rétt eins og foreldrar og nemendur.



2. Niðurstöður könnunar meðal grunnskóla

2.1 ÁGRIP

Núgildandi aðalnámskrá grunnskóla er frá árunum 2011 og 2013. Töluvert ákall hefur verið frá skólasamfélaginu um markvissari innleiðingu og óvissa hefur verið um túlkun hennar í einhverjum tilfellum. Könnun þessi er liður í endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla og niðurstöðum ætlað að marka forgangsröðun þátta í komandi endurskoðun.

Gallup var falið að senda út rafrænan spurningalista með 107 spurningum til allra skólastjórnenda grunnskóla vorið 2019. Svarhlutfall könnunarinnar var 73,9%. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig innleiðing hefði tekist, með hvaða þætti námskrárinnar gætti ánægju og hvaða þætti óánægju og hvort helstu markmið aðalnámskrár hefðu náðst.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að almennt þykir skólastjórnendum innleiðing grunnskóla og lykilhæfni hafa gengið vel en þeir telja samt sem áður þörf fyrir frekari stuðningi við innleiðingu og þá helst í formi leiðsagnar. Ekki var eins mikil ánægja með hæfniviðmið greinasviða en þó mest ánægja með hæfniviðmið greinasviðsins stærðfræði. Kannað var hvort skólastjórnendur telja viðmiðunarstundaskrá í samræmi við hæfniviðmið greinasviða og töldu þeir mest samræmi í skólaíþróttum, íslensku og erlendum tungumálum en minnst í táknmáli, sviðslistum og íslensku sem öðru tungumáli. Skólastjórnendur voru almennt ánægðir með lykilhæfni aðalnámskrár og telja núverandi lykilhæfni eiga við vel við í skólastarfi en þeir telja hins vegar að endurskoða þurfi kaflann. Þá hafa langflestir skólar endurskoðað skólanámskrár sínar frá seinni gildistöku 2013.

Yfir helmingur skólastjórnenda telur þurfa að endurskoða viðmið um námsmat í grunnskóla og töldu þeir að helst þurfi að endurskoða hugtök, útskýra betur hugmyndafræðina fyrir foreldrum og nemendum, bæta við matsviðmiðum fyrir fleiri árganga, einfalda viðmið í samfélagsgreinum, náttúrugreinum og erlendum tungumálum og setja fram dæmi og skýrari leiðbeiningar. Varðandi innleiðinguna kalla skólastjórnendur eftir meira samtali, utanaðkomandi ráðgjöf, mati og eftirfylgni.

2.2 AÐFERÐAFRÆÐI

Bréf var sent frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu á alla skólastjórnendur grunnskóla þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða könnun framkvæmda af Gallup. Ráðuneytið áréttaði að um lögboðið eftirlit væri að ræða og því voru skólastjórnendur hvattir til að svara könnuninni. Netkönnun með 107 spurningum var svo send í kjölfarið af Gallup á alla skólastjóra 165 grunnskóla landsins í mars 2019. Svör bárust frá 122 skólum eða 73,9%. Ítrekunarpóstar voru sendir af hálfu ráðuneytisins og Gallup og einnig var hringt í þátttakendur sem ekki höfðu svarað að nokkrum tíma liðnum.

2.3. HELSTU NIÐURSTÖÐUR


Spurningakönnunin innihélt spurningar um innleiðingu grunnþátta, tengingu grunnþátta við greinasviðin, starfshætti, samskipti og skólabrag, frekari stuðning við innleiðingu grunnþátta í skólastarfið, innleiðingu lykilhæfni á skólastigunum þremur og matsviðmiða lykilhæfni við lok grunnskóla, tengingu lykilhæfni við skólastarf og þörf á endurskoðun lykilhæfnipátta í aðalnámskrá.

Spurt var um ánægju með grunnþætti, lykilhæfni og hæfniviðmið allra greinasviða og hvernig gengið hefur að innleiða matsviðmið fyrir öll greinasvið við lok grunnskóla.

Skólastjórnendur voru spurðir hvort skólanámskrá hefði verið endurskoðuð með hliðsjón af greinasviðum aðalnámskrár frá 2013 og hvort þörf væri á að endurskoða kafla aðalnámskrár um viðmið um námsmat í grunnskóla. Þá var spurt hvort skólastjórnendur teldu viðmiðunarstundaskrá í samræmi við hæfniviðmið allra greinasviða. Að lokum gafst skólastjórnendum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum við aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013.


Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir sex; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, eiga að vera leiðarljós í almennri menntun og starfsháttum grunnskóla. Eins og sjá má á mynd 1 telja 95% skólastjórnenda að innleiðing grunnþáttarins læsi hafi gengið frekar eða mjög vel og best allra grunnþáttanna. Verst hefur gengið að innleiða grunnþáttinn sjálfbærni en 57,1% telja það hafa gengið frekar eða mjög vel.



Mynd 1. Innleiðing grunnþátta.

Aðspurðir um hversu vel eða illa hefur tekist að tengja grunnþættina við greinasvið grunnskólans telja skólastjórnendur að best hafi tekist að tengja grunnþáttinn læsi en 94,2% telja það hafa gengið mjög eða frekar vel en verst hefur gengið að innleiða grunnþáttinn sjálfbærni þar sem 50,8% telja það hafa gengið mjög eða frekar vel. Þegar spurt er um þörf fyrir frekari stuðning við innleiðingu grunnþátta telja skólastjórnendur mesta þörf fyrir stuðning í formi leiðsagnar og utanaðkomandi ráðgjafar (mynd 2) en einnig virðist mikil þörf fyrir aukið fjármagn við innleiðingu sköpunar.




Mynd 2. Þörf fyrir stuðning við innleiðingu grunnþátta.

Nær allir skólustjórnendur telja að grunnþættir menntunar komi að einhverju leyti fram í starfsháttum, samskiptum og skólabrag í skólanum eða 37,9% að miklu leyti, 61,2% að nokkru leyti og einungis 0,9% að litlu leyti.


Lykilhæfni

Lykilhæfni felst meðal annars í því að þroska sjálfsvitund og samskiptahæfni nemenda og skiptist hún í fimm flokka: tjáningu og miðlun, skapandi og gagnrýna hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýtingu miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Spurt var hversu vel eða illa gengið hefur að innleiða lykilhæfni í skólastarfið í 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk.




Mynd 3. Innleiðing lykilhæfni á yngsta stigi.

Á yngsta stigi hefur gengið best að innleiða lykilhæfnina sjálfstæði og samvinnu og næst best að innleiða lykilhæfnina tjáningu og miðlun. Verst hefur tekist að innleiða lykilhæfnina ábyrgð og mat á eigin námi þar sem einungis 41% skólastjórnenda telur að innleiðing hafi tekist frekar eða mjög vel.



Mynd 4. Innleiðing lykilhæfni á miðstigi.


Best hefur tekist að innleiða lykilhæfnina tjáningu og miðlun og sjálfstæði og samvinnu á miðstigi eins og sést á mynd 4 en líkt og á yngsta stigi hefur reynst erfiðast að innleiða lykilhæfnina ábyrgð og mat á eigin námi.



Mynd 5. Innleiðing lykilhæfni á unglíngastigi.

Eins og sést á mynd 5 hefur gengið best að innleiða lykilhæfnina nýting miðla og upplýsinga og sjálfstæði og samvinna á unglíngastigi en líkt og á hinum stignum hefur gengið verst að innleiða lykilhæfnina ábyrgð og mat á eigin námi.

Einnig var spurt um innleiðingu matsviðmiða lykilhæfni við lok grunnskóla (mynd 6) og þar kemur í ljós að aðeins um helmingur skólustjórna telur að mjög eða frekar vel hafi gengið að innleiða matsviðmið lykilhæfni við lok grunnskóla. Ekki er mikill munur milli lykilhæfniflokkanna fimm eins og sést á mynd 6.




Mynd 6. Innleiðing matsviðmiða lykilhæfni.

Mikill meirihluti er ánægður með lykilhæfni aðalnámskrár og telja 89,5% núverandi lykilhæfni eiga mjög eða frekar vel við í skólastarfi en engu að síður telja 60,8% að endurskoða þurfi kaflann um lykilhæfni. Þeir sem telja að endurskoða þurfi lykilhæfniþætti telja m.a. að aðgreina þurfi þáttinn sjálfstæð vinnubrögð og samvinna, setja þurfi matsviðmið fyrir fleiri árganga, tengja matið við aðrar námsgreinar, koma með dæmi og leiðbeiningar um hvernig á að meta, einfalda kerfið og skýra og umorða texta.

Viðhorf til einstakra þátta aðalnámskrárinnar

Þegar skólustjórnendur eru spurðir út í ánægju eða óánægju með einstaka þætti aðalnámskrárinnar kemur í ljós að mest ánægja er með lykilhæfni og grunnþætti hennar eins og sést á mynd 7. Af hæfniviðmiðum greinasviðanna er mest ánægja með íslensku og heimilisfræði en ánægja er meðal tæplega 60% skólustjórnenda með hæfniviðmið þessara greinasviða og innan við 10% eru óánægðir. Mest óánægja er hins vegar með hæfniviðmið í náttúru- og samfélagsgreinum þar sem innan við 37% eru ánægðir með viðmiðin en fleiri óánægðir eða 38,9% með náttúrufræði og 43,8% með samfélagsfræði.

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með eftirfarandi þætti aðalnámskrár grunnskóla frá 2011 og 2013?




Mynd 7. Viðhorf til einstakra þátta námskrárinnar.

Innleiðing matsviðmiða

Spurt var hvernig innleiðing matsviðmiða við lok grunnskóla hefur gengið í hverju greinasviði fyrir sig. Skólastjórnendur telja að best hafi gengið að innleiða matsviðmið fyrir stærðfræði en 80,4% telja það hafa gengið mjög eða frekar vel og næstbest hefur tekist að innleiða matsviðmið í íslensku en 78,6% svarenda telja það hafa gengið mjög eða frekar vel. Verst hefur gengið að innleiða matsviðmið fyrir sviðslistir, íslensku sem annað tungumál, tónmennt og íslenskt táknmál eins og sjá má á mynd 8 þar sem aðeins um 38% telja að vel hafi gengið að innleiða matsviðmið í tónmennt, 37% í sviðslistum, 33% í íslensku sem öðru tungumáli og 17% í táknmáli.

Hversu vel eða illa hefur gengið að innleiða matsviðmið í eftirfarandi greinasviðum við lok grunnskóla?



Mynd 8. Innleiðing matsviðmiða eftir greinasviðum við lok grunnskóla.

Endurskoðun skólanámskrár


Spurt var hvort skólanámskrá viðkomandi skóla hafi verið endurskoðuð með hliðsjón af greinasviðum aðalnámskrár frá 2013 og svöruðu 96,1% skólastjórnenda játandi. Dreifing endurskoðunar var nokkuð jöfn á árin 2014-2018 og svöruðu 66,7% því til að endurskoðun yrði lokið árið 2020 en 33,3% áætla lok endurskoðunar árið 2021.

Viðmið um námsmat

Spurt var hve mikil þörf væri á að endurskoða kafla 9.4 í aðalnámskrá um viðmið um námsmat í grunnskóla. Ríflegur helmingur svarenda eða 55,7% töldu mjög mikla eða frekar mikla þörf á endurskoðun en 14,8% töldu frekar eða mjög litla þörf á endurskoðun. Skólastjórnendur töldu helst þurfa að endurskoða hugtök, útskýra betur hugmyndafræðina fyrir foreldrum og nemendum, bæta við matsviðmiðum fyrir fleiri árganga, einfalda viðmið í samfélags- og náttúrugreinum og erlendum tungumálum, aðgreina list- og verkgreinar, samræma betur viðmið um námsmat og setja fram dæmi og skýrari leiðbeiningar.

Viðmiðunarstundaskrá

Þegar spurt var hvort viðmiðunarstundaskrá sé í samræmi við hæfniviðmið einstakra greinasviða kom í ljós að mest samræmi er talið vera í skólaíþróttum (90,6%), íslensku (81,4%) og erlendum tungumálum (78,1%) en minnst samræmi viðmiðunarstundaskrár við hæfniviðmið í táknmáli (61,5%), sviðslistum (61,3%) og íslensku sem öðru tungumáli (60,6%) eins og sjá má á mynd 9.



Mynd 9. Samræmi viðmiðunarstundaskrár og hæfniviðmiða greinasviða.

Skólastjórnendum gafst kostur á að svara hvers vegna þeir telji viðmiðunarstundaskrá ekki í samræmi við greinasvið og nefndu þeir helst tímaskort, of yfirgripsmikil hæfniviðmið og að fjölga þurfi kennslustundum. Aftur á móti tilgreindu svarendur að viðmiðunarstundaskrá hamli einstaklingsmiðuðum kennsluháttum.

Almennar athugasemdir við aðalnámskrá

Að lokum var skólastjórnendum boðið að koma athugasemdum á framfæri og voru athugasemdirnar í takt við það sem áður hefur komið fram:

- Einfalda þarf aðalnámskrána
- Laga þarf matskvarðana
- Laga þarf skilgreiningar á námsmati
- Endurskoða þarf námsmat í list- og verkgreinum
- Eftirfylgd og leiðsögn skortir
- Aðalnámskráin þykir of miðstýrð
- Hæfniviðmiðin þykja of mörg, of viðamikil, of vítt orðuð og oft óskiljanleg
- Erfitt þykir að skilja aðalnámskrána og ná tökum á henni
- Þörf væri á heildarendurskoðun

En einnig kom fram ánægja með námskrána:

- Engin ástæða til að skipta um aðalnámskrá en lagfæringar eru nauðsynlegar reglulega
- Fín aðalnámskrá
- Frábær aðalnámskrá að flestu leyti
- Mikilvægt að halda á lofti grunnþáttum og lykilhæfni
- Framsækín aðalnámskrá

2.4 SAMANTEKT

Í könnuninni sem framkvæmd var af Gallup fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti á vormánuðum 2019 og send var til allra skólastjórnenda í grunnskólum var spurt hvernig innleiðing aðalnámskrár frá árunum 2011 og 2013 hefur gengið. Svarhlutfall var 73,9% og dreifðust svör vítt og breitt um landið. Meginniðurstöður könnunarinnar eru að skólastjórnendur eru flestir ánægðir með grunnstoðir aðalnámskrár, grunnþættina sex og lykilhæfniþættina fimm og þykir innleiðing hafa tekist vel en þeir telja engu að síður enn mikla þörf fyrir stuðning við innleiðingu. Til að mynda segja 37,8% skólastjórnenda frekar eða mjög mikla þörf fyrir stuðning við innleiðingu grunnþáttarins læsi jafnvel þó að 95% telji innleiðinguna hafa gengið frekar eða mjög vel.

Ánægja með hæfniviðmið greinasviða er mest með íslensku en minnst með samfélagsgreinar en óhætt er að segja að almennt ríkir ekki mikil ánægja með hæfniviðmiðin, a.m.k. ekki í samanburði við grunnþætti og lykilhæfni. Innleiðing á matsviðmiðum hefur gengið misjafnlega eftir greinasviðum, best í stærðfræði en verst í táknmáli.

Að lokum verður hér vitnað í skólastjórnanda sem virðist ná að endurspegla niðurstöður könnunarinnar í hnotskurn: „Frábær námskrá að flestu leyti sem boðaði breytta hugsun í skólastarfi, en orð á blaði geta sjaldnast breytt hugsun og viðhorfum starfsfólks. Það þarf miklu lengri tíma, meira samtal, utanaðkomandi ráðgjöf, stærri og ákveðnar stefnumarkandi ákvarðanir, mat og eftirfylgni.“



3. Viðaukar

Viðtalsrammar, trúnaðaryfirlýsingar og bréf vegna rýnihópaviðtala.

Heildarniðurstöður netkönnunar Gallup.

Viðauki

Viðtalsrammi fyrir rýnihópa foreldra

<i>Efnistöð</i>	<i>Opnunarspurningar</i>	<i>Eftirfylgni</i>
<i>Almennt um námskrána</i>	<i>Hvernig finnst ykkur aðalnámskráin hafa áhrif á nám og kennslu?</i>	<i>Getið þið sagt eitthvað um viðmiðin í aðalnámskrá? Hvers er ætlast til af nemendum svo þeir nái viðmiðum námskrár? Hvaðan fenguð þið þessar upplýsingar? Var einhver fræðsla?</i>
<i>Helstu hugtök</i>	<i>Hefur verið unnið með atriði á borð við sjálfbærni, jafnrétti eða lýðræði og mannréttindi í skólastarfinu? Hvað eru hæfniviðmið?</i>	<i>Á hvaða hátt hefur verið unnið með þessi atriði?</i>
<i>Verkefni</i>	<i>Þegar nemendur vinna verkefni, fá þeir eða þið einhverjar upplýsingar um hvaða hæfni er unnið með?</i>	<i>Gera þeir eða þið ykkur grein fyrir því hvernig verkefnið tengist hæfniviðmiðum greinarinnar? Hvernig vita þeir eða þið það, kemur það einhvers staðar fram?</i>
<i>Leiðsögn</i>	<i>Þegar nemendur og þar með þið fáið niðurstöðu verkefna, á hvaða hátt er þeim skilað og hvernig upplýsingar fylgja þeim? Skilar það sér til ykkar?</i>	<i>Fá nemendur leiðsögn kennara í hæfniviðmiðunum sem metin voru í því verkefni?</i>
<i>Við lok grunnskóla</i>	<i>Getið þið útskýrt þá matskvarða sem nemendur verða metnir með við lok 10. bekkjar?</i>	<i>Fyrir hvað stendur mat á hæfni nemenda á prófskírteininu við lok 10. bekkjar? Hæfni nemenda á hvaða tíma kemur þar fram?</i>
<i>Að lokum</i>	<i>Er eitthvað sem þið viljið bæta við að lokum?</i>	

Viðtalsrammi fyrir rýnihópa kennara

<i>Efnistöð</i>	<i>Opunarsurningar</i>	<i>Eftirfylgni</i>
<i>Almennt um innleiðingu</i>	<i>Hvernig finnst ykkur innleiðingin og eftirfylgnin að hálfu menntamálayfirvalda hafa tekist til við: I. Grunnþætti menntunar II. Lykilhæfni III. Hæfniviðmið greinanámskráa IV. Matsviðmið</i>	<i>Hafið þið aðgang að einhverjum, innan skóla eða utan, sem þið getið leitað til ef þið þurfið aðstoð með eitthvað tengt námskránni í ykkar grein?</i>
<i>Áframhaldandi vinna</i>	<i>Hefur verið unnið sérstaklega með grunnþætti námskrárinnar í skólanum og þá á hvaða hátt? Hvernig hefur gengið að útbúa matsviðmið fyrir aðra árganga en 4., 7. og 10. bekk?</i>	<i>Hvernig hafið þið gert það? Hefur kennarahópurinn gert þetta í öllum námsgreinum?</i>
<i>Hæfniviðmið</i>	<i>Hvernig hefur skólinn tengt hæfniviðmið við verkefni nemenda?</i>	<i>Hver væri ykkar skilgreining á hæfnimiðuðu verkefni? Hvernig tengdust þessi hæfniviðmið ákveðnum matsviðmiðum? Hvernig hefur gengið að búa til hæfnimiðuð verkefni í greinunum með vísan í hæfniviðmið?</i>
<i>Matsviðmið</i>	<i>Hvernig gengur að skipuleggja kennslu þannig að það reyni á öll matsviðmiðin? Hvernig hefur gengið að komast að lokaeinkunn við lok grunnskóla í hverri grein með matsviðmiðin að leiðarljósi?</i>	<i>Hefur verið samræmi milli greinanna ykkar í því hvernig þetta hefur verið unnið? Eruð þið örugg eða hikandi í túlkun matsviðmiða?</i>
<i>Almennt um námskrána</i>	<i>Finnst ykkur skýrt í námskránni til hvers er ætlast af ykkur sem kennara? Finnst ykkur inntak námskrár stuðla að samræmi og samhæfingu skólastarfs við útfærslu á sameiginlegri menntastefnu stjórnvalda?</i>	<i>Hvað er sérlega gott við námskrána? Hvað mætti helst bæta? Saknið þið einhvers í henni eða finnst ykkur einhverju ofaukið?</i>
<i>Viðmiðunarstundaskrá</i>	<i>Finnst ykkur tíminn í viðmiðunarstundaskrá sem ætlaður er til að ná hæfniviðmiðum hæfilegur?</i>	<i>Ef ekki, hvað væri þá til ráða?</i>
<i>Námsgögn</i>	<i>Finnst ykkur framboð námsgagna samræmast hæfniviðmiðum?</i>	<i>Saknið þið einhvers?</i>
<i>Að lokum</i>	<i>Er eitthvað sem þið viljið bæta við að lokum?</i>	

Viðtalsrammi fyrir rýnihópa nemenda

<i>Efnistöð</i>	<i>Opnunarspurningar</i>	<i>Eftirfylgni</i>
<i>Almennt um námskrána</i>	<i>Hvernig finnst ykkur aðalnámskráin hafa áhrif á nám og kennslu?</i>	<i>Getið þið sagt eitthvað um viðmiðin í aðalnámskrá? Hvers er ætlast til af ykkur svo þið náðið viðmiðum námskrár? Hvaðan fenguð þið þessar upplýsingar? Var einhver fræðsla?</i>
<i>Helstu hugtök</i>	<i>Hefur verið unnið með atriði á borð við sjálfbærni, jafnrétti eða lýðræði og mannréttindi í skólastarfinu? Hvað eru hæfniviðmið?</i>	<i>Á hvaða hátt hefur verið unnið með þessi atriði?</i>
<i>Verkefni</i>	<i>Þegar þið vinnið verkefni, fáði þið þá einhverjar upplýsingar um hvaða hæfni er unnið með?</i>	<i>Gerið þið ykkur grein fyrir því hvernig verkefnið tengist hæfniviðmiðum greinarinnar? Hvernig vitið þið það, kemur það einhvers staðar fram?</i>
<i>Leiðsögn</i>	<i>Þegar þið fáði niðurstöðu verkefna, á hvaða hátt er þeim skilað og hvernig upplýsingar fylgja þeim?</i>	<i>Fáði þið leiðsögn kennara í hæfniviðmiðunum sem metin voru í því verkefni?</i>
<i>Við lok grunnskóla</i>	<i>Getið þið útskýrt þá matskvarða sem þið verðið metin með við lok 10. bekkjar?</i>	<i>Fyrir hvað stendur mat á hæfni ykkar á prófskírteininu við lok 10. bekkjar? Hæfni ykkar á hvaða tíma kemur þar fram?</i>
<i>Að lokum</i>	<i>Er eitthvað sem þið viljið bæta við að lokum?</i>	

Viðtalsrammi fyrir rýnihópa skólustjórnenda

<i>Efnistöð</i>	<i>Opnunarspurningar</i>	<i>Eftirfylgni</i>
<i>Almennt um innleiðingu</i>	<p>Hvernig finnst ykkur innleiðingin og eftirfylgnin að hálfu menntamálayfirvalda hafa tekist til við:</p> <p>I. Grunnþætti menntunar</p> <p>II. Lykilhæfni</p> <p>III. Hæfniviðmið greinanámskráa</p> <p>IV. Matsviðmið</p>	<p>Höfðuð þið aðgang að einhverjum á næsta stjórnunarþrepi sem hægt var að leita til ef þið þurftuð á aðstoð að halda með innleiðingu námskrárinnar?</p>
<i>Mat og áframhaldandi vinna</i>	<p>Hafið þið metið hvort grunnþættir námskrárinnar hafa sett mark sitt á nám, kennslu, leik og skólastarfið í heild?</p> <p>Hvernig hefur gengið að útbúa matsviðmið fyrir aðra árganga en 4., 7. og 10. bekk?</p>	<p>Hvernig hafið þið gert það?</p> <p>Hefur kennarahópurinn gert þetta í öllum námsgreinum?</p>
<i>Hæfniviðmið</i>	<p>Hvernig hefur skólinn tengt hæfniviðmið við verkefni nemenda?</p>	<p>Hver væri ykkar skilgreining á hæfnimiðuðu verkefni?</p> <p>Hvernig tengdust þessi hæfniviðmið ákveðnum matsviðmiðum?</p> <p>Hvernig hefur gengið að búa til hæfnimiðuð verkefni í greinunum með vísan í hæfniviðmið?</p>
Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundarskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir sviðslistir

- Ætti ekki að vera mat á list! Of háleit hæfniviðmið fyrir þann tíma sem gefinn er.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Aukinn tíma skortir í allar list og verkgreinar.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki nægilega metin tímaþörf.
- Ekki vinnst tími til þess að ná viðmiðum á svo stuttum tíma - of mörg og ýtarleg.
- Erfitt að koma þessu fyrir í stundatöflu.
- Erfitt að koma þessum greinum inn í kennsluna.
- Fleiri tíma.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Mjög yfirgripsmikil viðmið.
- Of fáir tímar.
- Of lítill tími.
- Of viðamikil viðmið, sem erfitt er að ná með viðmiðunarstundarskrá eins og hún er í dag og ekki alltaf hægt að bjóða upp á kennslu í sviðslistum, sem grunnfag.
- Óraunhæf viðmið m.v. Grunnskólabörn.
- Það skortir á aðstöðu og tímamagn.
- Þessari grein er ekki ætlaður neinn tíma í viðmiðunarskrá.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarskrá.
- Vantar fleirri kennslustundir.
- Verkefni eru oft tímafrek.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir tónmennt

- Ætti ekki að vera mat á list! Of háleit hæfniviðmið fyrir þann tíma sem gefinn er auk þess sem erfiðlega gengur að fá tónmenntakennara.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Aukinn tíma skortir í allar list og verkgreinar.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki vinnst tími til þess að ná viðmiðum á svo stuttum tíma - of mörg og ýtarleg.
- Erfitt að koma þessum greinum inn í kennsluna.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Hæfniviðmið samræmast ekki þeirri kennslu sem skólinn getur boðið upp á í tónmenntarkennslu.
- Miklar kröfur miðað við kennslutíma og að erfitt er að fá tónmenntakennara.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of lítill tími og oft á tíðum vantar aðstöðu.
- Of mikið efni miðað við tíma.
- Óraunhæf viðmið m.v. Grunnskólabörn.
- Skortur á tónmenntakennslu í skólum.
- Þessari grein er ekki ætlaður neinn tíma í viðmiðunarskundaskrá.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarskundaskrá.
- Vantar skýrt úthlutum tíma.
- Viðmiðunarskundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarskundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði

- Ætti ekki að vera mat á skapandi vinnu. Of háleit hæfniviðmið fyrir þann tíma sem gefinn er
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Aukinn tíma skortir í allar list og verkgreinar.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki vinnst tími til þess að ná viðmiðum á svo stuttum tíma - of mörg og ýtarleg.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Mátulegt.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of fá markmið.
- Of fáir tímar.
- Of lítill tími.
- Of mikið efni miðað við tíma.
- Of viðamikil viðmið, sem erfitt er að ná með viðmiðunarstundaskrá eins og hún er í dag og ekki alltaf hægt að bjóða upp á kennslu í heimilisfræði, sem grunnfag sérstaklega á unglingastigi.
- Þessari grein er ekki ætlaður neinn tíma í viðmiðunarstundaskrá.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarstundaskrá.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundarskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir hönnun og smíði

- Ætti ekki að vera mat á skapandi vinnu. Of háleit hæfniviðmið fyrir þann tíma sem gefinn er.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Aukinn tíma skortir í allar list og verkgreinar.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki vinnst tími til þess að ná viðmiðum á svo stuttum tíma - of mörg og ýtarleg, sum eiga ekki við eða er ekki hægt að kenna/meta í grunnskóla.
- Fleiri tíma.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greininni er ætlaður.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Mörg og viðamikil.
- Of lítill tími.
- Of mikið efni miðað við tíma.
- Of viðamikil viðmið, sem erfitt er að ná með viðmiðunarstundarskrá eins og hún er í dag og ekki alltaf hægt að bjóða upp á kennslu í hönnun- og smíði, sem grunnfag sérstaklega á unglingsstigi.
- Óraunhæf viðmið m.v. grunnskólabörn.
- Rýr og óljós hæfniviðmið.
- Þessari grein er ekki ætlaður neinn tíma í viðmiðunarskrá.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarskrá.
- Viðmiðunarskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.
- Vil sjá flest í skapandi greinum.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundarskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir textílmenn

- Ætti ekki að vera mat á skapandi vinnu. Of háleit hæfniviðmið fyrir þann tíma sem gefinn er.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Aukinn tíma skortir í allar list og verkgreinar.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki vinnst tími til þess að ná viðmiðum á svo stuttum tíma - of mörg og ýtarleg.
- Fleiri tíma.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greininni er ætlaður.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of lítill tími.
- Of mikið efni miðað við tíma.
- Of viðamikil viðmið, sem erfitt er að ná með viðmiðunarstundarskrá eins og hún er í dag og ekki alltaf hægt að bjóða upp á kennslu í textílmenn, sem grunnfag sérstaklega á unglingastigi.
- Óraunhæf viðmið m.v. grunnskólabörn.
- Rýr og óljós hæfniviðmið.
- Þessari grein er ekki ætlaður neinn tíma í viðmiðunarstundaskrá.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarstundarskrá.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.
- Vil sjá fl keð í skapandi greinum.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar

- Allt of mörg hæfniviðmið sem á að ná miðað við viðmiðunarstundaskrá.
- Allt of yfirgripsmikil og víðfeðm viðmið.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Efnið svo mikið og óyfirstíganlegt.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Fáir tímar í viðmiðunartöflu.
- Greinina þarf oftast að samþætta.
- Hæfniviðmið of víð miðað við gefinn tíma.
- Hæfniviðmið of víð og óljós.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greinin er ætlaður.
- Mætti samþætta við aðrar greinar.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Mörg viðmið loðin og óljós jafnvel ekki mælanleg.
- Of fáir tímar ætlaðir í þessar greinar.
- Of fáir tímar og hæfniviðmið alltof mörg eða víðfeðm.
- Of háleit hæfniviðmið.
- Of mörg og víða mikil markmið.
- Of oft mörg markmið innan sama hæfniviðmiðs. Misræmi í þáttum innan greinar t.d. Einungis 1 viðmið fyrir efnafræði.
- Of viðamikil hæfni/efni, ekki nægur tími.
- Of víðfeðm markmið, rúmast ekki innan viðmiðunarstunda.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarstundaskrá.
- Tímaskortur.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.
- Yfirgripsmikil hæfniviðmið.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir skólaíþróttir

- 1 tíma á dag í alla árganga.
- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of víðfeðm markmið, rúmast ekki innan viðmiðunarstunda.
- Sund og íþróttir þyrftu að minnsta kosti að vera með 4 kennslustundir í hverjum árgang.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundarskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar

- Algjörlega óviðunandi viðmið.
- Allt of mikið undir fyrir þessa grein.
- Allt of mörg hæfniviðmið sem á að ná miðað við viðmiðunarstundaskrá.
- Allt of yfirgripsmikil, flókin og víðfeðm viðmið.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Ekki nægur tími (en svo eru hæfniviðmiðin óskiljanleg).
- Hæfniviðmið algjörlega úr takt við skólann, ekki hægt að meta mörg, vantar ýmsa þætti sem eiga að koma inn í samfr. Námsefni og viðmið fara ekki saman. Illa orðað - Mjög mikil óánægja.
- Hæfniviðmið of víð miðað við gefinn tíma.
- Hæfniviðmið of víð og óljós.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil (nefnt af 3).
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greininni er ætlaður.
- Liggja allt of margar námsgreinar undir og ógerningur að sinna því öllu miðað við viðmiðunarstundaskrá.
- Mikið af óskýrum markmiðum, ef það ætti að fara yfir allt erum við að tala töluvert fleiri kennslustundir.
- Mjög mörg og viðamikil.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Mjög yfirgripsmikil.
- Mörg viðmið óljós og loðin - jafnvel ekki mælanleg.
- Mörgum greinum blandað saman og skortir.
- Of fáir tímar (nefnt af 3).
- Of háleit hæfniviðmið
- Of víðfeðm markmið, rúmast ekki innan viðmiðunarstunda.
- Óskiljanlegt fyrir flesta að vinna eftir námskránni.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarstundarskrá.
- Til að sinna lífsleikni þarf meiri tíma. Þetta má gjarnan skoða í samhengi við umsjónarkennslu - það vantar í viðmiðunarstundaskrá að gera ráð fyrir tíma í umsjónarkennslu.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútuþjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir stærðfræði

- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Er á móti skilgreiningum viðmiðunarstundaskráa. Þess vegna var hakað við að ekki gengi í sjónlistum og stærðfræði. Margir skólar eru að sinna greinum eins og skapandi hugsun, heimspeki, rökhugsun, samskiptum og líðan með öðrum hætti en VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ bíður upp á.
- Fleiri tíma.
- Hafa 6 kennslustundir á viku í stærðfræði.
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greininni er ætlaður.
- Lágmark 6 kennslustundir á unglingsstigi.
- Mætti endurskoða hvernig hæfniviðmiðum er raðað niður á stig.
- Mætti vera fleira tíma.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of fáir tímar á unglingsstigi.
- Of fáir tímar ætlaði í þessar greinar.
- Of viðamikið fyrir þennan tíma. Námsfni þýtt frá Noregi þar sem skólaárið er lengra.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þyrfti fleiri tíma til að geta sinnt öllum þeim þáttum sem þarf að sinna.
- Tímaskortur.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 106. Hvers vegna telur þú að viðmiðunarstundaskrá sé ekki í samræmi við hæfniviðmið eftirfarandi greinasviða?

Þeir sem telja að viðmiðunarstundarskrá sé ekki í samræmi við hæfnisviðmið greinasviða voru spurðir þessarar spurningar.

Hæfniviðmið fyrir upplýsinga- og tæknimennt

- Alltof umfangsmikil viðmið.
- Ég vil viðmiðunarstundaskrána út og fá frelsi til að vera með fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu námsgreina án þess að þurfa að gera grein fyrir hverri einustu mínútu í hverri grein. Það á að treysta fagfólki í grunnskólum til að halda jafnvægi og sinna öllum greinum.
- Er ekki í neinum takt við það sem er í gangi í nútímanum - t.d. Vefsíðugerð sem er erfitt að kenna en ekki orð um forritun.
- Greinina þarf oftast að samþætta.
- Hæfniviðmið of yfirgripsmikil.
- Kröfur of miklar miðað við þann tíma sem greininni er ætlaður.
- Mætti vera fleira tíma.
- Mjög viðamikil hæfniviðmið.
- Of fáir tímar.
- Of háleit viðmið fyrir þverfaglegt námssvið.
- Skrítið að hafa þetta í afmörkuðum tíma, ætti að vera dreift yfir allt nám, öll námssvið.
- Þörf á fleiri kennslustundum.
- Þörf á mun meiri tíma.
- Þyrfti að gera þessu mun hærra undir höfði í viðmiðunarstundarskrá.
- Þyrfti fleiri tíma til að geta sinnt öllum þeim þáttum sem þarf að sinna.
- Þyrfti meira rými vegna þróunar og breytinga innan þess geira.
- Vantar meiri tíma.
- Vantar tíma og fagkunnáttu í skólana.
- Viðmiðunarstundaskrá verður aldrei einstaklingsmiðuð með margbreytileika barna að leiðarljósi meðan mínútur eru taldar. Viðmiðunarstundaskrá gerir ráð fyrir að öll börn þurfi nákvæmlega sama mínútufjöldann í hvert fag.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Aðalnámskrá þarf fyrst og fremst að vera gagnlegt plagg fyrir skólafólk, á skiljanlegu máli og vera raunsæ. Ekki á að vera að eyða tíma og plássí í viðmiðunarstundaskrá, leyfa skólunum að útfæra sína kennslu á sinn hátt óháð stundaskrá svo framarlega sem verið er að vinna að hæfniviðmiðum. Auka sjálfstæði skóla. Treysta kennurum.
- Allt of flókin í framkvæmd og veitir mjög lítið svigrúm í skólaflórunni. Ætti að vera líkt og í Danmörku þar sem lokaviðmiðin eru skýr en skólarnir geta alfarið skipulagt skólastarfið með eigin aðferðum og leiðum. Sem sagt: Aðalnámskráin er allt of miðstýrð og framkvæmd mjög flókin þegar kemur að matsviðmiðum. Ég er með afar metnaðarfullan starfshóp kennara sem hafa verið mjög öruggir í útfærslunni og við höfum klórað okkur endalaust í hausnum yfir hvort við erum að uppfylla ytri kröfur eður ei. Erum afar stolt af skólastarfinu okkar og teljum okkur gera vel.
- Allt sem viðkemur íslensku sem öðru máli og nemendum af erlendum uppruna þarf að bæta og auka við þann hluta aðalnámskrárinnar.
- Betri skilgreingar á námsmati.
- Ég er í grunnin ánægð með aðalnámskrána, til að markmið hennar eigi að nást varðandi greinar og markmið um lykilhæfni, tel ég að skólar þurfi að auka þemanám og samþætta námsgreinar og sú krafa/tillaga mætti koma skýrar frá ráðuneyti að mínu mati. Eins mætti auka leiðbeiningar um námsmatið hvernig það fer fram praktískt og tíðni skila á námsmati til foreldra er eða getur verið.
- Endilega einfaldið aðalnámskrána og lagið matskvarðana. P.s. Ágætt í upphafi könnunnar að gefa skólum tækifæri á að tiltaka á hvaða aldri þeir kenna svo þeir skólar sem kenna bara unglíngastigi eða yngsta stigi svari bara fyrir viðkomandi stig.
- Endurskoða námsmat í list- og verkgreinum.
- Engin ástæða til að skipta um námskrá. En fá ábendingar og lagfæringar eru nauðsynlegar reglulega. Sem dæmi þarf að skoða námsmat og mat á skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrár eru algerlega barn síns tíma. Það þarf að treysta skólunum og starfsfólki þeirra til að vinna þessa vinnu sem best. Það má ekki gleyma því að aðalnámskrá byggir á einni grein laga um grunnskóla. Það er margt fleira undir.
- Fannst vanta fyrst og fremst eftirfylgd og leiðsögn út í skólana með þeim stóru breytingum sem gerðar voru. Mikil vinna var sett á herðar kennara og skólastjórnenda við innleiðingu aðalnámskrár sem hefði mátt fylgja betur úr hlaði. Smærri skólar hafa færri hendur til að dreifa vinnunni á og margt sem gæta þarf að.
- Fín aðalnámskrá en hefði þurft öflugri forystu og að talað væri fyrir henni!
- Frábær námskrá að flestu leyti sem boðaði breytta hugsun í skólastarfi, en orð á blaði geta sjaldnast breytt hugsun og viðhorfum starfsfólks. Það þarf miklu lengri tíma, meira samtal, utanaðkomandi ráðgjöf, stærri og ákveðnari stefnumarkandi ákvarðanir, mat og eftirfylgni.
- Framsetningu námskráa þarf almennt að einfalda, stytta og skýra og setja fram á markvissari hátt. Kröfur þarf að laga betur að þeim tíma sem ætlaður er til skólastarfsins. Þvælin og óaðgenileg námskrá, eins og sú sem nú er í notkun skilar aldrei því sem henni er ætlað. Slík ritverk fæla hinn almenna kennara frá heilsteyptri notkun námskrár hvort sem fólk vill nú horfast í augu við það eða ekki.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Fyrst um könnunina: Skólinn hjá mér er aðeins með unglingastig. Slæmt að þurfa að segja "veit ekki" í spurningum um hin skólastigin. Spurningar um matsviðmið - af hverju er talað um hæfniviðmið í undirspurningunum? Frá skólastjóra: Innleiðingu á Aðalnámskrá 2011/2013 þurfti að fylgja miklu miklu betur eftir. Um 2014 voru sérfræðingar á sviði námsmats og grunnþátta menntunar uppgefnir og hættu að vera til taks þegar til þeirra var leitað. Námsmatinu var alls ekki nógu vel fylgt eftir - inngangskynningar voru sumar ruglingslegar og gefa þurfti kennurum mun betri tíma og stuðning til að skilja þá hugarfarsbreytingu sem fólst í nýju námskránni og hugmyndafræði leiðsagnarmats. Ekki er þörf á að breyta aðalnámskrá, t.d. Kafli 9.4 en ennþá er þörf á endurmenntun kennara og stuðningi við þá til að koma leiðsagnarmati í fastari fasa í starfi grunnskóla. Óásættanlegt er að aðgreina ekki ensku og dönsku og ætla skólum að koma nemendum að sömu hæfni fyrir lok grunnskóla. Hætta er á að sundkennsla minnki vegna þess að viðmið fyrir greinina eru horfin. Óásættanlegt er að aðgreina ekki list- og verkgreinarnar í undirgreinar, eins og gert er í þessari könnun, í matsviðmiðum - það er hreinlega ekki sanngjarnt að eiga að gefa eina einkunn fyrir hæfni í heimilisfræði og smíði sem sami nemandinn getur haft mjög mismikinn áhuga á. Frá fagstjóra í náttúrufræði: Okkur hefur tekist nokkuð vel að innleiða hæfniviðmiðin í aðalnámskránni í náttúrufræði en þó eru sum þeirra þar sem erfitt er að setja inn í það efni sem verið er að fjalla um og önnur sem eru ómöguleg. Við höfum ekkert notað matsviðmiðin þar sem þau eru mjög loðin og ég tel að ef við notuðum þau þá myndum við fá flóð af foreldrum yfir okkur til að rökræða ástæðu þess að þeirra barn fékk ekki ... í einkunn. Nógu eru hæfniviðmiðin stundum erfið. Hæfniviðmið fyrir náttúrufræði eru mörg að segja um það bil það sama. Þau eru mörg illmælanleg þó að unnið sé í stærri verkefnum og samþættum verkefnum. T.d. Ábyrgð á umhverfinu: Sýnt fram á getu til að vinna að umbótum
- Fyrst vorum við ringluð og skildum ekki um hvað "nýja" aðalnámskráin snerist. Nú erum við ánægð með hana, okkur finnst við skilja grunnhugsunina og höfum lagt mikið á okkur til að tileinka okkur ný vinnubrögð sérstaklega þau sem varða leiðsagnarmat. Við viljum alls ekki breytingar! Þurfum að fá að halda áfram að þróa þetta góða starf sem "nýja" aðalnámskráin leiddi af sér. Í upphafi var mjög lítill stuðingur og jafnvel eins og Menntamálastofnun skildi ekki sjálf hvaða breytingar hún var að innleiða. En þetta skiptir ekki lengur máli. Að fara á svona framsækin hátt frá lokamati yfir í leiðsagnarmat getur breytt öllum starfsháttum skólans. Nemendur vita til hvers er ætlast þegar matslistar eru notaðir til að meta nám þeirra. Allir eru á leiðinni, ekki í kapphlaupi þar sem sumir vinna og aðrir tapa - tengist fræðum Carol Dweck og Shirley Clarke. Þegar matslistar eru unnir verða markmiðin skýr -það leiðir til þess að kennarar þora að stíga útúr námsbókunum, þær stýra ekki kennslunni. Hægt að fara margar leiðir til að ná markmiðunum. Í mínum skóla erum við enn á leiðinni, en allir eru að ná þessari hugsun og vinna ötullega að því að gera matslista, nota fjölbreyttar námsleiðir, fjölbreytt námsmat. Gæti sagt svo mikið meira en læt staðar numið. Takk fyrir framsækna námskrá!
- Hæfniviðmið í samfélagsfræði þarfnast endurskoðunar. Stundum ættu þau betur við í framhaldsskóla.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Hæfniviðmið of opin og kennarar eiga oft erfitt með að nota þau.
- Hæfniviðmiðin er mörg alltof flókin og illskiljanleg fyrir nemendur, orðalagið stundum of háfleygt. Sum hæfniviðmið eru einnig of yfirgripsmikil og þarf að búta frekar niður.
- Hæfniviðmiðin eru í flestum tilfellum of mörg og of viðamikil. Hefði mátt slíta þau meira í sundur, oft verið að meta marga þætti í einu viðmiði. Vantar námsefni til að sinna þessum viðmiðum. Mjög vont að gefa lokaeinkunn í 10. bekk, sameiginlega í listgrein og sameiginlega í verkgrein. Erfitt að kenna verkgreinar sem grunnfög á unglingsstigi. Ekki hægt að bjóða upp á mikinn fljölbreytileika í því, oft meiri fljölbreytileiki í vali. Hæfniviðmið í skólaíþróttum, of bókmiðuð og alls ekki gott að gefa eina lokaeinkunn fyrir íþróttir og sund. Vont líka að fara af stað áður en matsviðmið eru klár í 4. og 7. bekk. Hefði þurft að klára þá vinnu miklu fyrr. Það er margt gott í nýrri námsskrá og þá helst hugsunin um hæfni/færni og það að hætta að taka meðaltal af einkunnum til að finna lokaeinkunn. En hún var flækt um of, hefði þurft að vera einfaldari og eins og ég sagði í byrjun, alltof mörg hæfniviðmið í hverju fagi.
- Hæfniviðmiðin of vítt orðuð og oft óskiljanleg. Sviðlistakaflinn gerir of miklar kröfum um sérhæfða kennslu, ógjörningur fyrir skóla sem hafa ekki starfandi sérhæfða sviðslistakennara.
- Hefði viljað fá miklu betri kynningu / undirbúning áður en þessu var skellt á árið 2011. Erum fyrst núna að skilja og ná tökum á þessu. Mjög erfitt í litlum skólum að finna tíma til að vinna að þessu mikilvæga verkefni.
- Hefði viljað hafa lykilhæfnina inni í námsmati við lok 10. bekkjar. Tel líka óeðlilegt að meta allar listgreinar saman þar sem og sund og íþróttir. Tel mikilvægt að halda á lofti grunnþáttunum og lykilhæfninni og efla þá. Að sama skapi tel ég mikilvægt að ná að minnka áhrif greina en leggja meiri áherslu á markmið í námi, burtséð frá því hvaða grein þau tilheyra. Einnig tel ég mikilvægt að kennarar fá markvissa leiðsögn um það hvernig þeir geta metið hvaða markmið eru mikilvægust fyrir hvern og einn nemanda og leiðsögn við að vinna að þeim. Þetta er í raun grunnur að starfsþróun sem ég tel mikilvæga fyrir alla kennara og þarf að verða hluti af þeirra starfi.
- Heildar endurskoðun þarfnast, með því þarf að skýra markmið og útlista námsmat betur.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Innleiðing á áherslupáttum aðalnámskrár grunnskóla. Formáli Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta sem gefinn var út árið 2011 og námskrá yfir greinasvið sem kom út 2013, með áorðnum breytingum, er verið að breyta íslenska grunnskólanum. Helstu breytingarnar felast í innleiðingu á sex grunnþáttum sem eru: læsi, sjálfbærni, sköpun, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, og fimm sviðum lykilhæfni sem eru: tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga og ábyrgð og mat á eigin námi. Grunnþættirnir og lykilhæfnin eiga að vera leiðarljós í öllu skólastarfi þvert á árganga og greinasvið. Í greinanámskránum sem komu út haustið 2013 eru hæfniviðmið á öllum greinasviðum skilgreind en samkvæmt námskránni felur hugtakið hæfni í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Þetta er í raun kúvending frá því sem var í fyrri námskrá en þar var mun meiri áhersla lögð á þekkingarmarkmið. Samkvæmt nýrri aðalnámskrá eru hæfniviðmiðin: „...sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Mikilvægt er að námsmat nái til allra færniþátta og endurspegli hæfniviðmiðin og viðfangsefni námsins. Á grundvelli hæfniviðmiða velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir og skal gera grein fyrir þeim í skólanámskrá viðkomandi skóla. Kennsla, nám og námsmat mynda eina heild. Námsmatið er hluti af náms- og kennsluferlinu og skipulagt sem mest í samræmi við námskrá, hæfniviðmið og viðfangsefni nemenda“. Andi leiðsagnarmats svífur yfir vötnum og kröfur til nemenda eiga að vera öllum sýnilegar í formi hæfniviðmiða og matsviðmiða. Fylgst er með stöðu nemenda á sem fjölbreytilegastan hátt á meðan námi þeirra stendur. Í raun má segja að allt sem fram fer í námi og leiðir til þess að nemandi ígrundi og meti eigin stöðu sé leiðsagnarmat. Nýja námskráin leggur áherslu á slík vinnubrögð. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Matsviðmið eru samin með hliðsjón af hæ
- Innleiðing reyndist kennurum mjög erfið sérstaklega námsmatshlutinn og hefði þurft bæði fjármagn og utanaðkomandi leiðsögn varðandi þann þátt. Kennarar margir hverjir eru enn að strögla og eru ósáttir við innleiðingu námsmatsins.
- Innleiðingin var lítil sem engin og ef vel hefði verið staðið að jafnmikilli breytingu á námsmati og námskráin kveður á um hefði verið farið í alla skóla og þeir fengið leiðsögn um hvernig ætti að búa til hæfnimiðuð verkefni og hugsunin á bakvið matsviðmiðin skýrð ítarlega.
- Já mér finnst stundum ótrúlegt að það sé öllu menntakerfinu breytt þegar ný ríkisstjórn tekur völd á hverju kosninga ári sem verður
- Kennarar í mínu skóla eiga erfitt með að tileinka sér bæði nýtt tungutak og skilning á nýrri aðalnámskrá. Margir tala um að verið sé að flækja hlutina um of og að foreldrar eigi mjög erfitt með að skilja þessa nýju nálgun. Þess ber að geta að í innleiðingafærlinu hafa kennarar fengið bæði námskeið, stuðning og tíma til að innleiða en þrátt fyrir það gengur þetta ekki nægilega vel.
- Kjölfar endurskoðunar, fagleg umræða og mikill stuðningur.
- Leiðbeiningar um útfærslu vantar.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Mætti endurskoða lykilhæfni.
- Mætti samlesa og samræma greinasviðin. Spurning að hætta að hugsa um þetta sem ólíkar greinar og gera ráð fyrir meiri samþættingu á milli greina. Hæfniviðmið alltof stór, of mörg og óraunhæf. Hæfniviðmið þurfa að vera á máli sem nemendur og foreldrar skilja. Ekki ætti að gefa samræmda einkunn í listgreinum annars vegar og verkgreinum hins vegar. Sama á við um íþróttir og sund. Líflsleikni ætti að vera sér grein og fléttast inn í allt skólastarf eins og upplýsinga og tækni.
- Markmið og hæfniviðmið afar háleit og erfitt að ná þeim.
- Matsviðmið mættu vera sett fram við lok 4. og 7. bekkjar. Það er umhugsunarvert að víða í skólum eru kennarar að vinna töluverða vinnu við að búta niður og endurorða hæfniviðmið námsgreinasviða. Hlýtur að kalla á endurskoðun þeirra.
- Meiri áhersla á tækni sem hægt væri að samþætta öðrum greinum. Viðmiðunarstundaskrá er of stýrandi.
- Mér finnst að leggja eigi meira uppúr skóla án aðgreiningar og setja námskrána ekki svona línulega upp. Einnig finnst mér úr takt við nútímann að vera með greinanámskrár. Frekar ætti að leggja áherslu á hæfni eins og lykilhæfni, hæfni sem tengist grunnþáttunum meira. Sama má segja um viðmiðunarstundaskrá.
- Mér finnst hún aldrei hafa verið kláruð. Mikið ósamræmi milli greina og sumt uppskrúfað að hvorki kennarar, nemendur né forlestrar botna nokkurn skapaðan hlut í því sem þar stendur. Það hefði líka þurft mun markissari innleiðingarvinnu og öflugri aðstoð við skólana. Það þarf að gera ráð fyrir því að svo stórt verkefni kosti mikla vinnu sem tekur mikinn tíma og hefur í för með sér kostnað, þó nokkurn kostnað. Það er ómögulegt að skólarnir taki endalaust við verkefnum án þess að fá til þess svigrúm í mannauð/fjármagni. Þetta er í raun flott námskrá í grunnin en vegna lélegra vinnubragða við innleiðingu þá missti fólk trú á plaggið sem er í raun sorglegt því þetta er í rétta átt, átt að nútímanum.
- Mér finnst vanta alla endurgjöf, eftirfylgni, leiðsögn og ráðgjöf. Eining vantaði samtal við kennara og stjórnendur á meðan á innleiðingu stóð.
- Mér finnst vanta lokaviðmið í námsgreinum fyrir 4. og 7. bekk eins og til er fyrir 10. bekk. Ef þetta hefði verið klárt í upphafi hefði það hjálpað mikið við innleiðingu nýs námsmats.
- Mikilvægt er að halda áfram að þróa hæfniviðmiðin og tengja þau betur við námsefnið eftir árgöngum. Styður betur við kennarana svo þeir geti þróað kennsluna sína eftir námsgreinum, námsefni og hvað er mikilvægt að nemendur séu búnir að tileinnka sér við lok hvers stígs.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Mikilvægt væri að fá matsviðmið eftir 4. og 7. bekk eins og hefur verið í umræðunni frá því að aðalnámskrá kom út.
- Námskráin er góð svo langt sem hún nær. Með henni fylgdu miklar breytingar á hugsun sem voru almennt til bóta, t.d. Grunnþættir og lykilhæfni. Ný hugsun í námsmati átti alveg rétt á sér en forystuleysið/tómarúmið og óvissan sem fylgdi innleiðingarleysinu hefur skemmt mjög út frá sér í skólum og er eitt af því sem hefur ýtt undir vanlíðan kennara í starfi (kulnun) og ýtt undir tortryggni í garð skóla, einkum undir lok grunnskóla þar sem námsmat er viðkvæmur þáttur.
- Námskráin er góð, hún er samræðugrundvöllur og fangar vel þá skólaumræðu heimsins sem í gangi er. Hún er eðlilega samtal á milli fagaðila, stjórnálmanna og hagsmunagæsluaðila. Er að mínu viti orðræðusamningur með tilraun til mælanleika. Helst hef ég orðið var við gagnrýni á að lítið er vitnað til þekkingar og hver grundvallarþekking og grundvallarþjálfun eigi að vera. Þetta samtal þarf að eiga - því hæfni til orðs og æðis er byggð á reynslu og þekkingu - ýmsum skólamanninum finnst breytingin full mikil, það er skortur á samræðu um nám, kennslu og þekkingu. Mér finnst námskráin góð eins og ég skil tilgang opinberrar námskrár - hún býður upp á faglegt frelsi og það er ég ánægð með
- Námsmatið verður að endurskoða
- Námskrána þarf að einfalda og gæta vel að orðalagi þannig að alltaf sé skýrt hvað við er átt og hvers er ætlast til. Ekkert orðagláfur
- Nauðsynlegt að endurskoða hæfniviðmið í nátturufraeði, samfélagsfraeði og íþróttum. Hefur tekið alltof langan tíma að bregðast við ábendingum um þessar greinar. Ekki hægt að vinna í takt við námskrána sem er ekki gott. Lokaviðmið í 4.-7. bekk vantar enn sem er óskiljanlegt því það eru komin 8 ár frá útgáfu aðalnámskrár. Mikilvægt að vanda innleiðingu á svona stórri breytingu í skólastarfi.
- Of margt óljóst og kennarar fengu það á tilfinninguna að þetta væri of yfirþyrmandi
- Oft er erfitt að meta list- og verkgreinar við lok grunnskóla þar sem nemendur geta hugsanlega valið sig frá þeim í 9. og 10. bekk.
- Tel að endurskoða þurfi inntak náms í öllum bóklegum greinum með tilliti til breytts samfélags. Myndi vilja að meiri áhersla verði lögð á beitingu máls og minni á málfræði. Einnig að unnið verði með færri efnisþætti í samfélags og náttúrugreinum og svigrúm gefið til að fara dýpra í þá þætti sem unnið er með. Hið sama á við í stærðfræði, þar ætti að mínu mati að skilgreina grunnþætti sem allir ættu að hafa á valdi sínu og bjóða svo upp á annað sem viðbót. Að mínu mati þarf að leggja meiri áherslu á gagnrýna hugsun og mat á upplýsingum. Einnig á lífsleikni og að geta tekið gagnlegar ákvarðanir í lífi sínu.
- Það ætti að skoða það að hafa enga viðmiðunarstundaskrá og leyfa hverju sveitarfélagi og hverjum skóla að móta sína stefnu.
- Það eru víða of mörg atriði undir einu og sama hæfniviðmiði sem gerir námsmatið flókið.
- Það hefur gengið nokkuð vel að innleiða námskrána hjá okkur.
- Það má almennt endurskoða málin. Vinna betur hæfniviðmið í öllum námsgreinum og tengja við tímafjölda. Einnig er mikilvægt að fækka námsgreinum og forgangsraða þeim upp á nýtt í takt við samfélagið í dag. Auka frelsi skóla til að ákveða vægi námsgreina innan hvers námssviðs svo eitthvað sé nefnt.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Það sem hefur vantað af hálfu ráðuneytis og sveitarfélaga er raunhæf innleiðing námskrárinnar. Hugmyndafræðin, sem að mínu mati er góð, hefur ekki enn náð inn úr skinni margra kennara, of algengt er að fólk leggi mismunandi merkingu í hugtök námskrárinnar. Það stafar af því að hver og einn skóli hefur verið að vinna með og leggja merkingu í mismunandi þætti námskrárinnar, hver í sinu horni vegna þess að kynning ráðuneytisins var afar bágborin. Í upphafi hefði kynning á hugmyndafræðinni átt að vera massíf og í framhaldinu hefði átt að kynna hæfniviðmið fyrir hvern árgang og matsviðmið sömuleiðis. Yngri árgangar ættu að fá meiri tíma í viðmiðunarstundaskrá. Hæfniviðmið í náttúru- og samfélagsgreinum þarf að endurskoða frá grunni og setja upp á máli sem er auðskilið. Einnig eru of mörg hæfniviðmið í þessum greinum viðmið um lykilhæfni og eiga ekki heima í greinanámskrám. Sama má segja um flest sameiginleg viðmið list- og verkgreina, þau eru lykilhæfniviðmið en ekki greiniviðmið og mörg hver ekki metanleg með góðu móti. Námsmat í lykilhæfni er flókið í eðli sínu og krefst mikillar samvinnu allra þeirra sem koma að nemendu. Tími til slíks samstarfs vill verða of lítill og skipulag slíks samstarfs getur reynst flókinn. Það er líka mikilvægt að fjölga kennslutímum fyrir 1.-4. bekk og þeir verði 35 stundir á viku. Með því er meira svigrúm til kennslu.
- Það þarf að skoða matsviðmiðin betur. Þau eru misgóð eftir námsgreinum og erfitt að hafa þau ein og sér til hliðsjónar við lok skólagöngu. Hæfniviðmiðin eru einnig misgóð eftir námsgreinum og þarf að endurskoða þau. Best væri að mynda rýnihópa með grunnskólakennurum sem kenna námsgreinarnar og hafa reynslu í þeim greinum. Einnig er mikilvægt að fá miðlæga stýringu á innleiðingu námsmatsins yfir landið eða að minnsta kosti frá fræðsluskrifstofum sveitarfélaga.
- Það þarf að tengja betur saman lykilhæfni og markmið. Skilgreina betur matskvarðann og gera hæfniviðmiðin metanleg og taka í sundur markmið sem innihalda mörg markmið - t.d. Sund og íþróttiamarkmið sem erfitt er að meta ef annar þátturinn er náður en hinn ekki - Breyta orðalagi - sumstaðar er hægt að lesa mörugm snum textan án þess að skilja hann þótt hann sé ritaður á íslensku.
- Það vantaði alla eftirfylgni og útfærslu á námskránni. Vont að þurfa að finna upp hjólið. Sérstaklega í litlum skólum þar sem kennarar kenna margar greinar og fáir til þess að vinna teymisvinnu, á meðan stórir skólar ráða yfir fleiri starfsmönnum sem vinna sama starf.
- Það vantar matsviðmið fyrir 4. og 7. Bekk.
- Það vantar matsviðmið fyrir 4. og 7. Bekk. Það er nauðsynlegt að menntamálaráðuneytið gefi út matsviðmið sem allra fyrst. Það er ekki eðlilegt að hver skóli þurfi að leggja vinnu í matsviðmiðin.
- Það vantar nauðsynlega matsviðmið fyrir 4. og 7. Bekk. Það vantar betri samræmingu á milli námssviða/-námsgreina. Meiri samræmningu á matskvarða sem lagður er til grundvallar námviðmiðum.
- Það var þungur róður til að byrja með að innleiða aðalnámskrána. Það hefur þó verið að þokast smám saman. Helst hefur verið erfitt hvað hún er galopin og allt undir - kennarar hafa þó verið að setja upp sitt plan og sínar útfærslur. Í dag er meiri sátt um hana en áður. Helst vandi að skólastigin ganga ekki í takt.
- Þar sem hæfniviðmiðin eru oft of opin og víðtæk eiga kennarar erfitt með að meta þau. Viðmið eiga að vera það skýr að nemendur viti og skilji til hvers er ætlast til af þeim. Hæfniviðmiðin mættu vera nemendavænni.

Sp. 107. Er eitthvað að lokum sem þú vilt koma á framfæri um aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 og 2013, t.d. eitthvað sem þér finnst vanta eða má missa sín?

- Þarf að endurskoða varðandi íþróttir og sund. Taka það í sundur, ekki vera með það sem ein einkunn.
- Þarf bara að kortleggja betur námsmat við lok grunnskóla.
- Þarf miklu meiri stuðning við innleiðingu og vinnu við skólanámskrá þannig að allir þættir Aðalnámskrár speglast vel og skiljanlega. Skólunum ætlað að vinna þessa þætti með of lítilli leiðsögn frá ráðuneyti.
- Þyrfti að endurskoða matviðmið í samfélagsgreinum
- Vantar samræmi milli hæfniviðmiða og matsviðmiða á sumum námssviðum, skýrari leiðbeiningar um útfærslu. Vantar matsvið í 4. og 7. bekk. Einfalda þarf matsviðmið og hanna matskerfi sem byggir á aðalnámskrá og er þjáltað í notkun. Leiðbeinandi tillögur og dæmi um útfærslu/framkvæmd vantar einnig. Skýrari tengsl milli grunn- og framhaldsskóla og samræmi milli aðalnámskráa skólastiganna.
- Vantar stuðning við innleiðingu en breytingin mjög góð Viðmiðunarstundaskrá og kjör kennara ekki í samræmi við áherslur námskrár
- Viðmiðunarstundaskrá þarf að breyta mikið og hætta að kenna dönsku sem grunnfag.
- Viðmiðunarstundarskrá leggur of mikla áherslu á kjarnagreinar. Það er margt annað sem er jafn mikilvægt og þær. Fyrir vikið verður kennsla í öðrum greinum útpynnt og erfitt að ná öllum viðmiðum ef notaður er tímafjöldi viðmiðunarstundarskrár.
- Viðmiðunarstundaskráin. Hún er hindrun í öllu skapandi skólastarfi þar sem samvinna fagfólks, samþætting námsgreina og fjölbreyttir kennsluhættir eru undir.

Leiðbeiningar um túlkun niðurstaðna

Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ...?

	Fjöldi	%	+/-
Mjög hlynnt(ur) (5)	217	27,6	3,1
Frekar hlynnt(ur) (4)	356	45,3	3,5
Hvorki né (3)	133	16,9	2,6
Frekar andvíg(ur) (2)	61	7,8	1,9
Mjög andvíg(ur) (1)	19	2,4	1,1
Hlynnt(ur)		72,9	3,1
Hvorki né		16,9	2,6
Andvíg(ur)		10,2	2,1
Fjöldi svara	786	100,0	
Tóku afstöðu	786	69,2	
Tóku ekki afstöðu	350	30,8	
Fjöldi aðspurðra	1.136	100,0	
Spurðir	1.136	95,8	
Ekki spurðir	50	4,2	
Fjöldi svarenda	1.186	100,0	
Meðaltal (1-5)		3,9	
Víkmörk ±		0,1	

Í **tíðnitöflu** má sjá hvernig svör þátttakenda dreifast á ólíka svarkosti. Þar má einnig sjá hversu margir tóku afstöðu til spurningarinnar og hversu margir voru spurðir. Í töflunni hér fyrir ofan má sjá að tæplega 28% þátttakenda eru mjög hlynnt því sem spurt var um og ríflega 45% frekar hlynnt. Ef teknir eru saman þeir sem segjast frekar og mjög hlynntir má sjá að í heildina eru tæplega 73% hlynnt málefnum. Vekja ber athygli á að hátt hlutfall aðspurðra, eða 30,8%, tók ekki afstöðu til spurningarinnar og er talan því rauðlituð því til áherslu.

Meðaltal er reiknað með því að leggja saman margfeldi af vægi svars og fjölda sem velja það svar og deila upp í summuna með heildarfjölda svara. Í töflunni hér fyrir ofan reiknast meðaltal skv. eftirfarandi formúlu: [Mjög hlynnt(ur) (fj. x 5) + frekar hlynnt(ur) (fj. x 4) + hvorki né (fj. x 3) + frekar andvíg(ur) (fj. x 2) + mjög andvíg(ur) (fj. x 1)] / Heildarfjöldi svara. Í þessu dæmi tekur meðaltalið gildi á kvarðanum 1 til 5 en meðaltalið tekur gildi á því bili sem kvarðinn er hverju sinni.


Víkmörk (sjá +/- dálk í tíðnitöflu)

Til að geta áttað sig betur á niðurstöðum rannsókna er nauðsynlegt að skilja hvað víkmörk eru. Víkmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og meðaltöl og ná jafn langt upp fyrir og niður fyrir töluna nema ef víkmörkin fara niður að 0% eða upp að 100%. Oftast er miðað við 95% vissu. Segja má með 95% vissu að niðurstaða sem fengin er úr rannsókn liggja innan þessara víkmarka ef allir í þýðinu eru spurðir. Í dæminu hér til hliðar má segja með 95% vissu að hefðu allir í þýði verið spurðir, hefðu á bilinu 24,5% til 30,7% (27,6% +/- 3,1%) verið mjög hlynnt málefnum. Einnig má nota víkmörk til að skoða hvort marktækur munur sé á fjölda þeirra sem velja ólíka svarkosti. Ef víkmörkin skarast ekki er marktækur munur á fjöldanum. T.d. væri hægt að segja með 95% vissu að marktækt fleiri einstaklingar séu frekar hlynntir málefnum en mjög hlynntir því.

Greiningar og marktækt

Oft er gerð greining á hverri spurningu eftir lýðfræðibreytum, s.s. kyni, aldri og búsetu, sem og eftir öðrum spurningum í sömu könnun. Hér fyrir neðan má sjá greiningu eftir kyni og aldri þátttakenda. Þar sést t.d. að 28% karla eru mjög hlynntir málefnum á móti 59% kvenna. Í greiningum er jafnframt sýnt meðaltal mismunandi hópa og tekið fram hvort sá munur á meðaltölum sem kom fram á hópum í könnuninni er tölfræðilega marktækur. Þegar munurinn er marktækur er titillinn stjórnumerktur, eins og í tilfelli kynja spurningarinnar í greiningunni hér fyrir neðan. Að auki eru súlur sem sýna meðaltöl lítaðar dökkgráar til áherslu.

Algengur misskilningur er að ef tölfræðiprófið er ekki marktækt þá sé ekkert að marka þá niðurstöðu. Það er hins vegar rangt, því merking tölfræðilegrar marktæktar felst í því hvort hægt sé að afhæfa mun sem kemur fram í könnun yfir á þýði. Í dæminu hér fyrir neðan má sjá að konur eru hlynntari málefnum en karlar og staðhæfa má með 95% vissu að þessi munur eftir kyni eigi sér einnig stað í þýðinu (t.d. meðal þjóðarinnar). Lengst til hægri á myndinni hér fyrir neðan er sýndar breytingar á meðaltölum frá síðustu mælingu. Í þessu dæmi má sjá að meðaltal kvenna hefur lækkað um 0,2 stig frá síðustu mælingu (er nú 4,0 og var síðast 3,8). Stjórnumerkingin við súluna vísar til þess að munur milli mælinga er tölfræðilega marktækur. Því má segja að konur séu nú að jafnaði síður hlynntar málefnum en þær voru í síðustu mælingu.



* Marktækur munur á meðaltölum

■ Mjög hlynnt(ur) ■ Frekar hlynnt(ur) ■ Hvorki né ■ Frekar andvíg(ur) ■ Mjög andvíg(ur)

